

ÁRSSKÝRSLA 2005



Marel samstæðan

Marel samstæðan samanstendur af tveimur meginfyrirtækjum: Marel og dótturfyrirtækinu Carnitech, ásamt 15 öðrum dótturfyrirtækjum í 14 löndum og útibúum í fjórum löndum. Þá starfrækir fyrirtækið net 50 umboðs- og dreifingaraðila sem markaðssetja, selja og þjónusta vörur samstæðunnar víðsvegar um heim. Meira en tveir þriðju heildarsölnunnar fara fram í gegnum dótturfyrirtæki, eða beint frá Marel eða Carnitech.

Fyrirtækið hefur selt vörur til fleiri en 60 landa með ólík tungumál, menningu, vinnsluhætti og tæknistig. Marel samstæðan hefur þróað kraftmikla sölu- og markaðsstarfsemi og þjónustar viðskiptavini á öllum mörkuðum sínum.

Marel hf, Ísland
Marel Australia, Ástralía
Marel Chile, Chíle
Marel Deutschland, Þýskalandi
Marel Canada, Kanada
Marel New Zealand, Nýja-Sjálandi
Marel Scandinavia, Danmörku

Marel Spain, Spáni
Marel UK, Bretlandi
Marel USA, Bandaríkjunum
Marel Rusland, Rússlandi
Söluskrifstofa Marel í Póllandi
Söluskrifstofa Marel á Ítalíu
DanTech, Singapúr

Marel Carnitech Thailand, Taílandi
Carnitech A/S, Danmörku
Carnitech Norge, Noregi
Carnitech US, Bandaríkjunum
Carnitech Marel Slovakia, Slóvakíu
Söluskrifstofa Marel Carnitech í Víetnam



- Dótturfyrirtæki
- Umboðsaðilar



Fiskur

Marel samstæðan hefur verið leiðandi í þeirri byltingu sem orðið hefur í fiskvinnslu til lands og sjávar. Allt frá hráefnisflokkun til skurðar, snyrtingar og pökkunar hefur Marel ávallt staðið fyrir umfangsmikilli þróun nýrrar tækni á sviði fiskvinnslu.



Kjöt


Á undanförunum árum hafa vélar, tæki og nýjar gerðir flæðilína sem byggðar eru á tækni frá Marel leitt af sér miklar framfarir í kjötvinnslu. Við veitum heildstæðar vinnslulausnir sem nýta hráefni til fulls og hámarka verðmætasköpun og arðsemi.



Alifuglakjöt

Marel samstæðan býður jafnt sjálfstæðar einingar sem og heildarkerfi fyrir kjúklinga-, kalkúna- og andakjötsvinnslu. Allt frá einföldum endurbótum í framleiðsluferli til flókinna heildarlausna bjóðum við tæki og hugbúnað sem auka nýtingu, spara vinnslukostnað og bæta gæði vörunnar.


Skipulag



Samvinna

Fyrirtækin sem saman mynda Partners in Processing bjóða upp á heildarlausnir í matvinnslukerfum á öllum sviðum matvælaframleiðslu.





Hönnun, hugmyndaauðgi og innsæi

Marel hf
Ársskýrsla 2005
23. rekstrarár
Aðalfundur 28. febrúar 2006

Árshlutauppgjör Marel fyrir árið 2006 verða gefin út:
Fyrsti ársfjórðungur: þriðjudag 9. maí 2006
Annar ársfjórðungur: fimmtudag 10. ágúst 2006
Þriðji ársfjórðungur: þriðjudag 7. nóvember 2006
Fjórði ársfjórðungur: þriðjudag 13. febrúar 2007

Áætlað er að aðalfundur verði haldinn fimmtudaginn 8. mars 2007

Marel samstæðan


Marel hf	Garðabær	Ísland
Marel Australia PTY LTD	Morningside, QLD	Astralía
Marel Canada	Dartmouth, NS	Kanada
Marel Carnitech Thailand LTD	Bangkok	Tailand
Marel Carnitech Vietnam	Ho Chi Minh City	Víetnam
Marel Chile S.A.	Puerto Montt	Chíle
Marel Deutschland GmbH & KG	Osnabrück	Þýskaland
Marel Deutschland GmbH & KG	Bruckmühl	Þýskaland
Marel New Zealand	Woolston	Nýja-Sjáland
Marel Italy	Rubiera RE	Ítalía
Marel Poland	Warsaw	Pólland
Marel Russland LTD	Moskva	Rússland
Marel Scandinavia A/S	Støvring	Danmörk
Marel Spain S.L.	Vilagarcia de Arousa	Spánn
Marel UK LTD	Bromsgrove	Bretland
Marel USA INC	Lenexa, KS	Bandaríkin
Arbor Technologies S.A.	Landevant	Frakkland
Carnitech A/S	Støvring	Danmörk
Carnitech Norge	Ålesund	Noregur
Carnitech US	Seattle	Bandaríkin
Carnitech Marel Slovakia	Nitra	Slóvakía
DanTech PTE LTD	Singapore	Singapúr



EFNISYFIRLIT

- 6** Starfsemin
- 7** 2005 í suttu máli
- 8-9** Ávarp stjórnarformanns
- 10-11** Ávarp forstjóra
- 12-13** Fréttir 2005
- 16-19** Afkoma ársins 2005
- 22-23** Sölu- og markaðsstarf
- 24-25** Vöruþróun
- 26-27** Framleiðsla
- 28-29** Þjónusta
- 30-31** Marel og samfélagið
- 32-33** Mannauður
- 34-35** Stjórn Marel samstæðunnar
- 36-37** Hlutabréf og hluthafar
- 37** Stjórnarhættir félagsins
- 40-41** Áritun stjórnar og forstjóra
- 42** Skýrsla endurskoðanda
- 43** Kennitölur
- 44** Rekstrarreikningur
- 45** Efnahagsreikningur
- 46** Yfirlit yfir breytingar á eigin fé
- 47** Sjóðsstreymisyfirlit
- 48-77** Skýringar við reikningsskil

STARFSEMIN



Markmið okkar er að vera leiðandi á alþjóðlegum markaði í þróun og markaðssetningu á hátæknibúnaði fyrir matvælaíðnað til að auka framleiðni viðskiptavina okkar.

Leið okkar er einföld. Nýjungar í hönnun, notkun á hátækni í þróunarvinnu, gæðafrágangur og framúrskarandi þjónusta . . . allt lýtur þetta að einu markmiði: að bæta nýtingu, vinnuástöðu og verðmætasköpun hjá kjöt- og fiskframleiðendum um allan heim.

Þannig er lagður traustari grunnur að rekstrinum. Vörur okkar spanna allt svið framleiðslunnar, allt frá frumvinnslu til pökkunar og frystingar. Marel samstæðan hannar og framleiðir vogir, vigtunareiningar, færibandakerfi, flokkara, eftirlitsbúnað, flæðilínur fyrir snyrtingu og úrbeiningu og tölvustýrðar skurðarvélar, auk hakkavéla, blandara, frystigeymslna og pökkunarkerfa.




MPS framleiðsluhugbúnaðurinn sameinar allan þennan búnað í hnökralausa heild og gefur upplýsingar í rauntíma og heildrænt yfirlit yfir framleiðsluna á einfaldan hátt. Lausnir okkar eru einnig fánlegar hjá fimmtán dótturfélögum Marel samstæðunnar í Norður- og Suður-Ameríku, Evrópu, Asíu og Eyjaálfu, sem einfaldar hlutina til muna. Marel starfrækir einnig net umboðs- og dreifingaraðila sem staðsettir eru í 30 löndum víðsvegar um heiminn.

Gæðakerfi Marel, sem ber ISO 9001 vottun, hefur verið í notkun í níu ár og nær það yfir vöruþróun, sölu, framleiðslu og viðhaldsþjónustu. Vandaðar og áreiðanlegar vörur og þjónusta skipta miklu máli. Svo einfalt er það.

2005 Í STUTTU MÁLI


- Árið 2005 var næstbesta starfsár í sögu Marel samstæðunnar.
- Alls nam sala á árinu 129,0 milljónum evra, sem er 14,9% aukning frá fyrra ári.
- Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði (EBIT) nam 9,7 milljónum evra.
- Nettóhagnaður nam 5,7 milljónum evra, og lækkaði því um 28% frá fyrra ári.
- Nettóhagnaður á hvern hlut var 0,0242.
- Veltufé frá rekstri nam 12,5 milljónum evra.

Sala
Þús. EUR




Handbært fé frá rekstri

Þús. EUR




Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, EBITDA

Þús. EUR



Fjárfest í varanlegum rekstrarfjármunum

Þús. EUR



ÁVARP STJÓRNARFORMANNS

Marel er í fararbroddi á alþjóðamarkaði í þróun og markaðssetningu hátæknibúnaðar fyrir fisk-, kjöt- og kjúklingavinnslu. Með tækni Marel hafa viðskiptavinir fyrirtækisins náð að auka verulega framleiðni sína með betri nýtingu afurða og mannafla til vinnslu. Rætur fyrirtækisins ná um þrjú áratugi aftur til verkefnis í Háskóla Íslands og formlegt fyrirtæki var stofnað utan um hugmyndina árið 1983.

Atvinnugreinin sem Marel starfar í er áhugaverð. Meðan matvælavinnsla almennt hefur vaxið í takt við hagvöxt hefur frekari vinnsla matvæla vaxið hraðar en hagvöxtur og sala á vél- og hugbúnaði til vinnslu matvæla aukist tvöfalt meira en hagvöxtur síðustu 10 árin. Á þessum tíma hefur stjórnendum og starfsmönnum Marel tekist með þrotlausri vinnu að styrkja stöðu fyrirtækisins og auka markaðshlutdeild félagsins á hinum ört vaxandi markaði.

Arðsamur innri og ytri vöxtur

Vöxtur félagsins hefur byggst á arðsömum innri vexti og ytri vexti með kaupum á öðrum fyrirtækjum á svipuðu sviði. Starfsmönnum hefur tekist að auka hagræði í rekstri á sama tíma og ekkert hefur verið slakað á í vöruþróun og markaðssókn, sem skila mun sér í tekjuvexti á næstu árum.

Marel var eitt fyrsta fyrirtækið hér á landi til að skrá sig í Kauphöllina. Óhætt er að segja að fyrirtækið hafi notið velvildar og trausts fjárfesta allt frá upphafi. Með stuðningi fjöldans og öflugra kjölfestufjárfesta á hverjum tíma hefur félaginu tekist að afla sér fjár til að ráðast í yfirtökur sem hafa styrkt félagið tæknilega og bætt markaðsaðgang verulega. Var ég þess aðnjótandi að kynna félaginu sem fjármálalegur ráðgjafi við yfirtökuna á Carnitech á árinu 1997. Sú sameining var happadrjúg, bæði hvað varðar yfirfærslu á tækni, samnýtingu á markaðssetningu og sveiflujöfnun í rekstri. Síðan þá hafa báðar stoðirnar, Carnitech og Marel, ráðist í fjölmargar smærri yfirtökur sem hafa reynst samstæðunni til hagsauka. Síðustu ár hefur orðið umtalsverður fjárhagslegur bati í rekstri Marel og gengi hlutabréfanna hefur hækkað umtalsvert.

Breytt eignarhald og nýir stjórnarmenn

Miklar breytingar hafa orðið á eignarhaldi á hlutabréfum í Marel síðustu ár sem kallað hefur á breytingar í stjórn félagsins. Nýrri stjórn félagsins hefur gefist kostur á að kynna sér fyrirtækið vel sem og þá atvinnugrein sem það starfar í. Stjórn félagsins hefur ásamt stjórnendum heimsótt fjölmarga viðskiptavini félagsins, fyrst hér á landi þar sem bæði fyrirtæki í fisk- og kjötvinnslu hafa verið heimsótt og síðar stærstu viðskiptavini í Evrópu jafnt sem N-Ameríku. Jafnframt hafa athyglisverðar fagsýningar í sjávarútvegi og kjúklingaiðnaði verið sóttar. Í þessum ferðum hefur gefist kostur að sjá hve framarlega Marel stendur tæknilega og ánægjulegt er að heyra viðhorf ánægðra viðskiptavina sem tekist hefur að stórauka framleiðni sína og nýtingu á síðustu árum með nýjustu tækni.

Stjórnarhættir fyrirtækja

Stjórn Marel hefur staðfest leiðbeinandi tilmæli um stjórnarhætti fyrirtækja sem Viðskiptaráð, Kauphöll Íslands og Samtök atvinnulífsins hafa gefið út sem stuðla eiga að trúverðugleika skráðra fyrirkjara gagnvart verðbréfamarkaðnum. Stjórnin hefur skipað tvær starfsnefndir, endurskoðendanefnd og kjaranefnd til að fjalla sérstaklega um og undirbúa mál á milli funda stjórnar. Endurskoðunarnefnd hefur farið yfir innri og ytri endurskoðun félagsins og hitt utan funda ráðna endurskoðendur félagsins. Nýverið var samþykkt ný kaupréttaráætlun handa breiðum hópi starfsmanna sem ætlað er að samtvinna hagsmunum þeirra og hluthafa félagsins. Kaupréttaráætlunin var unnin í samvinnu starfskjararnefndar og forstjóra félagsins og síðar samþykkt í stjórn. Samþykkt stjórnar er með fyrirvara um samþykki komandi hluthafafundar sem hefur æðsta vald um útgáfu nýrra hluta og útdeilingu hagnaðar.

Starfsskilyrði óviðunandi á Íslandi

Almenn rekstarkilyrði á Íslandi hafa versnað til muna í samanburði við mörg önnur ríki nú síðustu ár. Stjórnvöld hafa með ýmsum sértækum aðgerðum hvatt til mikilla fjárfestinga í orkufrekum áliðnaði sem jafnframt hefur kallað á miklar fjárfestingar í stóriðju. Ríkistryggt lánakerfi er í samkeppni við aðra banka um fjárfestingar- og neyslulán til almennings. Til að slá á þá þenslu hefur Seðlabankinn kosið að hækka vexti sem hefur snarreist gengi krónunnar og hvatt erlenda aðila til fjárfestinga í skuldabréfum á þeim vöxtum. Hátt gengi krónunnar þrengir að útflutningsgreinum en hvetur til aukinnar neyslu á innfluttum neysluvörngi. Samtímis þessu hafa sveitarfélög stóraukið skattheimtu sína á hendur fyrirtækjum til að standa undir auknum rekstri og launakostnaði.

Árni Oddur Þórðarson, stjórnarformaður



Hjá Marels samstæðunni starfa tæplega 1000 manns, þar af um þriðjungur á Íslandi. Starfsmenn eru almennt vel menntaðir á góðum launum og skilar fyrirtækið og starfsmenn þess miklum virðisauka til þjóðfélagsins. Stjórn og stjórnendur Marels hafa tekið ákvörðun um að allur vöxtur fyrirtækisins fari fram erlendis og reyna samtímis að hlúa sem best að því þekkingarsetri sem byggt hefur verið upp hér á landi. Stjórnvöld hafa rætt um að setja upp sjóða- og millifærslukerfi til að auka rannsóknarstarf í landinu. Reynslan af slíkum kerfum er ekki nægjanlega góð. Nauðsynlegt er að koma upp almennu kerfi þar sem sá sem leggur út í kostnað, beri stóran hluta þess kostnaðar svo og ávinnings í framtíð. Slíkt er framkvæmanlegt með því að leyfa aukið frádrag rannsóknarkostnaðar frá skatti.

Stóraukin uppbygging erlendis

Stjórn Marels hefur tekið ákvörðun um umfangsmikla uppbyggingu starfsemi í Slóvakíu. Framleiðsluhúsnæði sem byggt verður er á móta húsnæði Marels í Garðabæ og er ráðgert að það verði að fullu komið í notkun í ársbyrjun 2008 og að starfsmenn verði 200-300 talsins. Fyrsta skrefið hefur verið stigið með leigu á minna húsnæði og framleiðsla er hafin í því. Jafnframt var tekið yfir framleiðslufyrirtæki í Singapúr með 100 starfsmönnum á síðasta ári sem gefur fyrirtækinu tækifæri til að framleiða vörur þar með lægri útgjöldum á dollarasvæði. Bæði þessi verkefni eru unnin af stjórnendum Carnitech í nánú samstarfi við yfirstjórn félagsins. Ljóst er að vægi Íslands mun stórminnka á næstu árum í starfseminni og að sama skapi gjaldmiðlaáhætta félagsins, þar sem í dag er allt að fjórðungur gjalda í íslenskum krónum en lítill hluti tekna.

Spennandi tímar framundan

Stjórn og framkvæmdastjórn Marels hafa unnið að stefnumörkun og framkvæmdaáætlun til næstu ára. Vinnan hefur falist í að skoða samkeppnisstöðu Marels og stöðu atvinnugreinar. Unnið hefur verið náið með innlendum sem erlendum ráðgjöfum. Í atvinnugreininni er enginn einn aðili með afgerandi markaðsforystu, heldur mun frekar fjölmörg minni fyrirtæki. Ljóst er að mikil samþætting mun eiga sér stað á komandi árum sem forysta Marels ætlar sér að leiða.

Á næstu árum verður ráðist í 2-4 stefnumarkandi yfirtökur sem munu útvíkka tæknilega sérstöðu Marels og bæta markaðsaðgengi. Þannig er gert ráð fyrir að velta félagsins þrefaldist á næstu 3-5 árum. Samþætting á næstu árum verður fyrst og fremst á meðal félaga sem starfa nú í Evrópu og N-Ameríku. Stærri og öflugra sameinað félag hefur þá meiri kraft til að leiða uppbyggingu nýmarkaða í Austur Evrópu, Asíu og Suður-Ameríku.

Að lokum vil ég þakka samstjórnarmönnum, forstjóra og öllum starfsmönnum innan Marels fyrir einstaklega gott samstarf og vel unnin störf. Hluthöfum vil ég þakka mikinn stuðning og viðskiptavinum fyrir hollustu og náið samstarf. Næstu ár verða áskorun um að gera enn betur og er ég sannfærður um að okkur takist að koma Marels í afgerandi markaðsforystu á þjóðamarkaði í þróun og markaðssetningu hátækni búnaðar á þeim markaði sem félagið starfar.

Árni Oddur Þórðarson
stjórnarformaður

ÁVARP FORSTJÓRA

Rekstur

Marel samstæðan naut velgengni á árinu 2005 og óx hún um 15%. Vöxtur á núverandi starfsemi byggðist á sterkri vöruþróun og aukinni sölu- og markaðsstarfsemi. Óhagstætt gengi íslensku krónunnar leiddi til þess að hagnaður var minni en metárið 2004. Marel leggur áfram áherslu á að auka framleiðni og draga úr framleiðslukostnaði með því að staðla framleiðsluvörurnar og gera hagkvæmari innkaup.

Tækifæri til ytri vaxtar fengust með kaupum á fyrirtækinu DanTech sem er með aðsetur í Singapúr og sérhæfir sig í lausfrystibúnaði (IQF) og næst þar umtalsverð samlegð við vörulínu Carnitech.

Markaðir

Lykilmarkaðir Marel samstæðunnar eru Norður-Ameríka og Evrópa og Marel hélt áfram að styrkja stöðu sína á þessum mörkuðum á árinu 2005. Einnig var unnið að því að auka markaðshlutdeildina á ört vaxandi mörkuðum, eins og í Austur-Evrópu, Suður-Ameríku, Asíu og Ástralíu, þar sem Marel býðst einstakt tækifæri til að markaðssetja lausnir sínar. Ný dótturfyrirtæki voru sett á stofn á Spáni og í Rússlandi með það að markmiði að styðja við þessa markaði.

Marel gerði mikilvæga samninga við marga af stærstu framleiðendunum á sviði fisk-, kjöt- og alifuglaframleiðslu í heiminum. Þessa stóru samninga um framleiðslulausnir má þakka miklu starfi í sölu- og markaðsþróun í langan tíma sem hefur skilað af sér miklum vexti á núverandi starfsemi árið 2005.

Viðskiptavinir

Marel samstæðan vinnur með fyrirtækjum í matvælaframleiðslu í öllum heimsálfum að því að þróa bestu mögulegu lausnirnar sem uppfylla margskonar þarfir í framleiðsluferlinu. 22 af 23 stærstu fyrirtækjum heims á sviði ferskvatns- og sjávareldis eru viðskiptavinir okkar, og svipaða sögu má segja af fyrirtækjum sem eru í bolfiskvinnslu. Þá eru 42 af 50 stærstu fyrirtækjum heims á sviði kjöt- og alifuglaframleiðslu í viðskiptum við okkur.

Samstarf við viðskiptavini er lykilþáttur í þróun nýrra lausna, og Marel fylgist stöðugt með nýjum straumum og kröfum á hverju framleiðslusviði fyrir sig. Viðskiptavinir okkar verða stöðugt að bregðast við breyttum kröfum viðskiptavina sinna og Marel samstæðan fylgist vel með þeirri þróun. Við hjálpum viðskiptavinum okkar að ná sem mestum hagnaði með því að auka nýtingu, afköst og hagkvæmni. Marel býður upp á áætlanina Partners in Processing til að bæta þjónustu sína við viðskiptavini. Verkefninu Partners in Processing er ætlað að nýta allar þær lausnir sem Marel samstæðan og fyrirtæki sem að henni standa hafa upp á að bjóða, og hefur verkefnið leitt til meiri meðvitundar um fjölbreytileikann í framleiðslu samstæðunnar.

Vöruþróun

Stöðug vöruþróun er einn af lykilþáttunum í árangursríkum rekstri. Marel fjárfestir árlega 6-7% af tekjum sínum í vöruþróun til að styrkja stöðu sína sem leiðandi fyrirtæki á markaðinum og mæta þörfum viðskiptavina. Vörustöðlun var eitt af markmiðum ársins 2005 og reyndist vera mikilvægur þáttur í aukinni hagkvæmni, lægri framleiðslukostnaði og sterkari samkeppnisstöðu samstæðunnar. Nýjar vörur voru kynntar á árinu 2005. OptiCut skurðarvél er hönnuð til að hluta í sundur kjöt af mikilli nákvæmni og getur hún sett skammtana beint á bakka með hjálp annarrar nýrrar vöru, Quick Loader.

Sure Track flokkunarbúnaðurinn var kynntur til sögunnar þar sem byltingarkennd flokkunaraðferð flokkar heilan lax af meiri nákvæmni og gæðum en áður og er sjálfvirk þökkunarlausn sambyggð við búnaðinn. Útlínuskurðarvél fyrir ferskvöru sem stjórnað er með tölvusjón var einnig kynnt og nær hún framúrskarandi nákvæmni í skömmtun.

Carnitech kynnti tvær stórar hakkavélar árið 2005 sem geta bæði meðhöndlað ferska og frysta vöru. Fyrirtækið setti einnig á markað nýjan láréttan plötufrysti. Kerfið veldur byltingu í blokkfyrstingu: frystarnir eru búnir sjálfvirkum afhleðslubúnaði, hægt er að leggja þá saman til að spara pláss og er blokkunum sjálfkrafa raðað á bretti við enda línunnar. Carnitech setti einnig á markað IPS 3000-kerfið, alhliða lausn fyrir sjálfvirka og hagkvæma framleiðslu á niðursneiddum laxi í veislueiningum (Party Packs) fyrir smásölumarkað.

Marel greindi aukna þörf á frekari framleiðslulausnum fyrir kjötiðnaðinn og setti á stofn rekstur sem þróar og framleiðir vélbúnað og vinnslulínur fyrir framleiðslu á hamburgurum, hökkuðu kjöti, salami og pylsum. Hjá Marel samstæðunni er þessi hluti markaðarins í örur vexti.

Hörður Arnarson, forstjóri



Marel samstæðan tryggir sér einkaleyfi á framleiðslu sinni til að tryggja stöðu sína sem leiðandi þróunarfyrirtæki á sviði hátæknilausna í matvælaíðnaði. Þannig vill Marel verja einstök hugverk sín og lausnir sem verða til í þróunarvinnu innan samstæðunnar. Marel samstæðan sótti um 15 einkaleyfi árið 2005.

Þróun hlutafjár

Eitt af meginmarkmiðum samstæðunnar er að hámarka verðmæti hlutafjár. Verðmæti hlutafjár jókst um 32% árið 2005, og bættist ofan á 80% hækkun árið 2004. Veltuhraði hlutafjár í samstæðunni í Kauphöll Íslands árið 2005 var 47%. MP fjárfestingabanki sér um viðskiptavakt fyrir fyrirtækið sem leiddi til minna verðbils og líflegri viðskipta. Verðbil var að meðaltali 0,86% árið 2005.

Arðgreiðslur

Marel samstæðan greiddi 0,2 kr. á hvern hlut í arð árið 2005. Meginhluti nettóhagnaðar ársins var nýttur í að fjármagna vöxt samstæðunnar, þ.á m. framtíðarvöxt vöruþróunar og markaðsstarfsemi. Marel samstæðan mun halda áfram að nýta tækifæri til vaxtar þegar þau gefast.

Horfur

Verkefnastaða Marel samstæðunnar var samanlagt 16 milljónir evra í lok árs 2005, í samanburði við 19 milljónir evra í upphafi árs. Mikil vöruþróun og stöðug vinna á undanförunum árum við að efla markaðsstarfsemi fyrirtækisins hefur styrkt samkeppnisstöðu þess mikið. Horfur á helstu mörkuðum fyrirtækisins eru ásættanlegar sem stendur.

Gengisbreytingar hafa hinsvegar verið fyrirtækinu óhagstæðar. Sterk staða íslensku krónunnar hefur aukið kostnað. Hærra olíuverð hefur leitt til hækkaðs verðs á ýmsum hráefnum, sérstaklega á tilteknum plastefnum og ryðfríu stáli. Enn eru tækifæri til staðar til að auka framleiðni og draga úr rekstrarkostnaði, með stöðugri áherslu á að staðla fleiri vörur fyrirtækisins og aukinni hagræðingu í innkaupum.

Hörður Arnarson
forstjóri

FRÉTTIR 2005

JANÚAR 2005

Gæðakerfi

IPE alifuglasýningin í Atlanta var sá vettvangur sem Marel kaus til að kynna nýtt gæðaurtakkerfi, QVision. Nýja QVision-kerfið frá Marel auðveldar sjálfvirka aðgerðamælingu og gagnasöfnun vegna tölfræðilegrar gæðastjórnunar og gerir hana áreiðanlegri en nokkru sinni fyrr. Með QVision-kerfinu og stöðluðum eiginleikum þess er hægt að framkvæma fleiri úrtaksmælingar með færri starfsmönnum í gæðaeftirlit.



APRÍL 2005

Tölvustýrt kerfi fyrir laxasnyrtingu

Marel kynnti nýja Marel ITM-kerfið, tölvustýrt laxasnyrtikerfi á sjávarafurðasýningunni í Brussel í apríl. ITM-kerfið er ein af fyrstu vélunum frá Marel sem búin er þjarkatækni og er hönnuð til að snyrta fiskflök í fyrirfram skilgreind form eða mynstur með miklum hraða. Vélun er búin háþróaðri tölvusjón sem tryggir hárnákvæman skurð og því gerir ITM-kerfið allt ferlið, frá mælingu til snyrtingar, skilvirkt og afkastamikið.



ÁGÚST 2005

Marel Carnitech Thailand stofnað

Marel og Carnitech styrktu stöðu sína á asískum markaði í ágúst 2005 með stofnun Marel Carnitech Thailand Ltd. Chej Mektaveegul er forstjóri, og dótturfyrirtækið sér um sölu og þjónustu á búnaði frá Marel og Carnitech í Taílandi og Víetnam.



FEBRÚAR 2005

Marel hlýtur STC-verðlaunin fyrir gerð handbóka og fylgigagna


Teymi Marel í gerð handbóka og þýðingu hugbúnaðar hlaut verðlaun á „STC Trans-European Technical Communications Competition 2004“ sem var skipulögð af Society for Technical Communication (STC). Verðlaun voru veitt í eftirfarandi tveimur flokkum: Flokki handbóka og fylgigagna og í flokki handbóka og leiðarvísa fyrir vél- og hugbúnað. Lára Hallgrímsdóttir er forstöðumaður teymisins.



APRÍL 2005

Vision Grader með þrívíddarsjón

Nýr Vision Grader sem flokkar vöru eftir lögun og þyngd var settur á markað um vorið. Vision Grader notar þrívíddarsjöntækni til að flokka vöruna eftir lögun, og mælir bæði ummál og þyngd hráefnisins. Flokkarinn mælir eiginleika vörunnar sjálfkrafa með vigtun og leysisjöntækni.




SEPTEMBER 2005

Marel Poland

Marel opnaði útibú í Varsjá í Póllandi í september 2005. Rafal Bernatowski, sölufulltrúi, rekur skrifstofuna og mun einbeita sér að því að veita þjónustu á pólskum og austur-evrópskum mörkuðum.





SEPTEMBER 2005

Carnitech kaupir DanTech

DanTech Food Systems Pte. Ltd. varð hluti af Carnitech samstæðunni í september 2005. Með því að sameina starfsemi Carnitech og DanTech á sviði lausfrystingar og vinnslu á heitsjávarrækju, verður fjölbreytni framleiðslulínu okkar ein sú mesta á markaðinum. Framtíðarstarfsemi okkar á þessu sviði mun fara fram undir vörumerki DanTech, og aðalskrifstofur og meginframleiðsla verða staðsett í Singapur.



OKTÓBER 2005

Mentor: Marel fræðslumiðstöðin

Marel skuldbindur sig til að þróa og viðhalda kunnáttu og þekkingu starfsmanna til að þeir geti komið stefnu og markmiðum fyrirtækisins í framkvæmd eins vel og kostur er. Því hafa þjálfunarverkefni á ýmsum sviðum innan fyrirtækisins verið sameinuð undir heitinu Mentor: Nýr starfsmaður Marel, Bryndís Ernstsóttir mannauðsráðgjafi, stjórnar fræðslumiðstöðinni og býður miðstöðin upp á fjölbreytta þjálfun bæði fyrir starfsfólk Marel og umboðsaðila.



SEPTEMBER 2005

Marel Italy

Mike Reynolds er yfir nýju útibúi Marel á Ítalíu sem sett var á stofn í september 2005. Skrifstofan er staðsett í Rubiera og mun sjá um sölu og þjónustu til vaxandi hóps viðskiptavina Marel á Ítalíu.



OKTÓBER 2005

Carnitech Salmon

Um haustið 2005 tilkynnti Carnitech sameiningu á allri laxatengdri starfsemi sinni í eina deild, sem tók til starfa 1. janúar 2006, með það að markmiði að leggja meiri áherslu á starfsemi okkar í laxavinnslu og styrkja stöðu samstæðunnar innan laxaiðnaðarins. Carnitech Salmon verður betur í stakk búið til að takast á við stærra verkefni í framtíðinni með búnaði frá Carnitech, CP og Marel.




DESEMBER 2005

Ný deild í Carnitech - Quality Steel

Carnitech hefur fært framleiðslu sína á borðplötum og öðrum hlutum úr ryðfríu stáli fyrir eldhús og veitingaiðnað í eina sjálfstæða deild, Quality Steel. Deildin verður áfram hluti af Carnitech samstæðunni en fær eigið auðkenni og merki.

Markmiðið er að leggja meiri áherslu á sölu og vörubrúun og auka markaðshlutdeildina á hagkvæmari hátt.





AFKOMA ÁRSINS 2005



Framleiðsla, fagmennska og hæfni

AFKOMA ÁRSINS 2005

2005 var gott ár fyrir Marel samstæðuna. Hagnaður Marel árið 2005 nam alls 5,7 milljónum evra, samanborið við 8,0 milljónir evra árið áður. Ytri aðstæður voru samstæðunni á margan hátt óhagstæðar, en sérstaklega á það við um gengi íslensku krónunnar. Að meðaltali fengust 10% færri íslenskar krónur fyrir hverja evru árið 2005 en árið 2004. Sama á við um bandaríkjadal. Stærsti hluti sölu samanstendur af þessum tveimur gjaldmiðlum, en 24% kostnaðar er í íslenskum krónum, sérstaklega launakostnaður vegna starfsfólks á Íslandi. Marel samstæðan stóð sig vel á árinu 2005. Fjárfestingar og hagræðingarráðstafanir undanfarinna ára skiluðu sér í góðri afkomu á árinu, eins og árið á undan, og bættu upp óhagstæðar ytri aðstæður sem Marel þurfti að glíma við, sérstaklega á gjaldeyrismörkuðum.

Reglum um ársreikninga hefur verið breytt fyrir árið 2005 og eru þeir nú birtir í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS, International Financial Reporting Standards). Samkvæmt reglugerðum ESB þurfa fyrirtæki sem skráð eru í kauphöllum á Evrópska efnahagssvæðinu að fylgja IFRS-stöðlunum frá upphafi árs 2005. Sambærilegum tölum frá 2004 hefur verið breytt til samræmis við tölur sem birtar eru fyrir árið 2005.

Rekstrartekjur og rekstrargjöld árið 2005

Rekstrartekjur Marel samstæðunnar námu 129,0 milljónum evra, í samanburði við 112,3 milljónir evra árið áður. Rekstrartekjur jukust því um 14,9%.

Kostnaður af seldum vörum var 85,9 milljónir evra sem er aukning um 20,5% frá árinu áður. Framlegðin jókst úr 41,0 milljónum evra árið 2004 í 43,2 milljónir evra árið 2005. Framlegðin hefur minnkað sem hlutfall af sölu. Hún var 33,4% árið 2005 samanborið við 36,5% árið áður. Önnur rekstrargjöld, þ.m.t. kostnaður við sölu og markaðssetningu, jukust um 16,7% í 34,5 milljónir evra árið 2005. Kostnaðurinn hefur þróast sem hlutfall af rekstrartekjum sem hér segir:

	Árið 2005	Árið 2004
Sölu- og markaðskostnaður	12,5%	12,4%
Rannsókn- og þróunarkostnaður	6,2%	5,8%
Stjórnunarkostnaður	8,1%	8,1%

Marel mun áfram leggja áherslu á að auka framlegð af framleiðslu árið 2006 með stöðluðum vörum, hagræðingu í innkaupum og meiri framleiðslu í löndum þar sem framleiðslukostnaður er hagkvæmur.

Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir, fjármagnsliði og skatta (EBITDA), og rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði og skatta (EBIT) voru sem hér segir:

	Árið 2005	Árið 2004
EBITDA í þúsundum	14.814	16.527
EBITDA sem % af sölu	11,5%	14,7%
EBIT í þúsundum	9.721	12.066
EBIT sem % af sölu	7,5%	10,7%






Nettó fjármögnunarkostnaður nam alls 2,6 milljónum evra, samanborið við 1,8 milljónir evra árið áður. Aukninguna má rekja til aukinnar lántöku, meira gengistaps og hækkunar á vöxtum á meira en 40% skulda fyrirtækisins sem hafa verið festir í 3-5 ár.

Tekjuskattur nam 1,4 milljónum evra í samanburði við 2,2 milljónir evra árið áður. Alls voru reiknaðir skattar fyrir samstæðuna 19,3% af hagnaði fyrir skatta, í samanburði við 21,7% árið áður. Í því umhverfi sem Marel starfar nema tekjuskattar á bilinu 17%-42%.

Starfsemi samstæðunnar í milljónum evra:

	4. ársfj. '05	3. ársfj. '05	2. ársfj. '05	1. ársfj. '05	4. ársfj. '04
Sala	34,8	30,4	33,9	29,9	29,1
Rekstrarhagn. (EBIT)	1,3	2,1	3,3	3,1	2,8
EBIT %	3,7%	7,0%	9,6%	10,2%	9,8%
Fjármagnsgjöld nettó	0,6	0,8	0,4	0,9	0,6
Nettó hagn.	0,6	1,2	2,1	1,8	1,9
EBITDA	2,8	3,4	4,5	4,2	4,0





Eignir og skuldir við lok árs 2005

Heildareignir Marel samstæðunnar í árslok 2005 voru bókfærðar á 114,9 milljónir evra og hafa þær aukist um 19,4 milljónir eða 20% frá fyrra ári. Þessa hækkun má aðallega rekja til þess að birgðir og viðskiptakröfur hafa aukist.

Birgðir jukust um u.þ.b. 4,1 milljón evra (19,4%) og viðskiptakröfur um u.þ.b. 7,7 milljónir frá fyrra ári. Þessa aukningu á birgðum og viðskiptakröfum má skýra með aukinni veltu annars vegar og mörgum afhendingum í kringum og eftir lok fjórða ársfjórðungs hins vegar.

Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum árið 2005 námu 3,8 milljónum evra, í samanburði við 1,6 milljón á sama tímabili árið áður. Hluta fjárfestinga á þessu tímabili má rekja til metinna fjárfestinga fyrir árið 2004 sem færðar hafa verið fram til ársins 2005.

Skuldir í árslok 2005 námu alls 73,9 milljónum evra og hafa hækkað um 10,0 milljónir eða 15,6%. Langtímaskuldir lækkuðu um 6,0 milljónir evra og skammtímaskuldir hækkuðu um 16,0 milljónir. Hækkun skammtímaskulda má aðallega rekja til þess að áður útgefin skuldabréf koma til greiðslu á árinu 2006 og til hækkunar viðskiptaskulda.

Eigið fé við árslok 2005 nam 41,0 milljón evra og hefur hækkað um 9,4 milljónir á árinu. Hér á eftir er breytingin sundurliðuð í þúsund evrum:

Eigið fé fyrirtækisins

	2005	2004
Hagnaður	5.715	7.984
Eigin hlutabréf seld umfram keypt	3.679	(3.029)
Arðgreiðslur	(590)	(407)
Annað	633	809
Hækkun eiginfjár	9.437	5.407


Eiginfjárhlutfall við árslok 2005 var 35,7%, samanborið við 33,1% árið áður. Veltufjárhlutfall var 1,4, miðað við 1,6 í árslok 2004.

Hlutfall „hreinnar skuldsetningar“ (vaxtaberandi skuldir að frádregnu handbæru fé og ígildi þess deilt með eigin fé) var 0,98 samanborið við 1,08 í lok árs 2004.


Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir,

EBITDA sem hlutfall af sölu

Þús. EUR



Veltufjárhlutfall






Sjóðstreymi


Veltufé frá rekstri nam 12,5 milljónum evra, samanborið við 3,5 milljónir á árinu 2004. Við árslok 2005 nam handbært fé og ígildi þess 3,9 milljónum evra og hefur lækkað um 0,5 milljónir frá fyrra ári.

Eiginfjárlutfall




Eigið fé

Þús. EUR



Heildareignir

Þús. EUR





ÞÆTTIR ÚR STARFSEMINNI



Sala, sveigjanleiki og nákvæmni

SÖLU- OG MARKAÐSSTARF



Á árinu 2005 færðist áherslan í sölu- og markaðsstarfinu í þá átt að styrkja samvinnu milli fyrirtækjanna sem mynda Marel samstæða og auka þannig samlegðaráhrif sölu og markaðssetningar á alþjóðavísu. Marel, Carnitech og dótturfyrirtæki okkar geta í sameiningu boðið upp á heildarlausnir sem svara kröfum fisk-, kjöt- og alifuglaiðnaðarins.

Á árinu beindist áherslan að samþættingu sölu- og markaðsaðgerða í laxaiðnaðinum. Öll vinna á því sviði var færð undir eitt þak í byrjun árs 2006: Starfsemi CP Food og Carnitech í laxaiðnaðinum fer nú fram undir heitinu Carnitech Salmon. Einnig starfa sérfræðingar Marel í laxavinnslu náið með hinu nýja fyrirtæki. Með þessari breytingu hefur Carnitech Salmon orðið að þekkingarmiðstöð fyrir laxaiðnaðinn innan Marel samstæðunnar. Dreifingarnetið hefur

einnig verið samþætt til að hámarka áhrif markaðsaðgerða og skilvirkni framleiðsluvara samstæðunnar á sviði laxavinnslu.

Söluátak

Árið 2005 einbeitti samstæðan sér að því að auka framleiðni og efla aðhald í sölu og markaðssetningu jafnframt því sem unnið var að því að herða markaðssókn samstæðunnar. Ytri skilyrði voru að flestu leyti hagstæð árið 2005. Marel lagði áherslu á að auka sölu á stöðluðum lausnum og vörum og var árangur af þeirri vinnu í samræmi við áætlanir. Fjárfestingar í stærri verkefnum á árinu 2005 voru minni en vonir stóðu til. Fuglaflensan í Asíu varð til þess að það hægðist á innkaupum hjá alifuglaiðnaðinum í Asíu. Á öðrum mörkuðum jukust fjárfestingar fyrirtækja í matvælaíðnaði sem kom sér vel fyrir Marel. Fyrirtækinu farnaðist vel á Evrópumarkaði og náði flestum þeim markmiðum sem það hafði sett sér þetta árið. Söluólur hjá Carnitech náðu væntingum einkum vegna stærri verkefna sem gáfu vel af sér.

Marel hélt áfram að þróa lausnir fyrir skyndibita- og veitingaþjónustumarkaðinn á árinu, bæði fyrir eldri og nýrri viðskiptavinina. Þróunin er öll í þá átt að smásölu-fyrirtæki og veitingaiðnaðurinn óska í æ ríkari mæli eftir skömmtum af fastri þyngd. Lausnir samstæðunnar fyrir laxavinnslu áttu góðu gengi að fagna á árinu. Verð á laxi hækkaði á árinu sem jók á bjartsýni og tiltrú á iðnaðinum. Stórfelldur samruni framleiðenda kallaði á auknar fjárfestingar og meiri hagræðingu, sem leiddi til enn meiri fjárfestinga. Afkoma samstæðunnar á þessum markaði var með ágætum og markaðshlutdeild hennar jókst. Marel samsteypan er í fararbroddi á þessum markaði og nýjar markaðsaðgerðir gerðu þetta ár að einu besta ári samstæðunnar í laxaiðnaðinum.

Fjárfestingar í kjötskurðar- og úrbeiningarlausnum bæði frá Marel og frá Carnitech voru minni en búist var við og þurfti að fresta mörgum verkefnum. Góð afkoma var af nýjum lausnum Carnitech í fullvinnslu og tók kjötiðnaðurinn þeim vel. Þessi starfsemi leggur aðaláherslu á þróun, framleiðslu, sölu og markaðssetningu sjálfstæðra véla og alhliða lausnir fyrir




framleiðslu á hamborgurum, kjöthakki, salami og pylsum. Góðar viðtökur hjá iðnaðinum hafa hraðað vexti á þessu sviði og er þetta einhver vænlegasti nýi markaður samstæðunnar.

Marel hélt áfram að þróa dreifingarnet sitt og breytti söluskrifstofum í Rússlandi og á Spáni í sjálfstæð dótturfyrirtæki. Söluskrifstofur voru einnig opnaðar á Ítalíu og í Póllandi. Á sama tíma opnaði Marel Australia nýtt útibú, Marel New Zealand. Carnitech hefur starfrækt Carnitech Asia á Taílandi frá árinu 2002. Marel yfirtók reksturinn árið 2005 og breytti nafni fyrirtækisins Marel Carnitech Thailand og gerði viðamiklar breytingar í starfsmannamálum.


Carnitech festi kaup á þýska fyrirtækinu Geba sem framleiðir vélar sem sneiða lax. Starfsemi og söludeildin sameinuðust Carnitech og er vörulínan seld í gegnum sölunet samstæðunnar. Einnig keypti Carnitech fyrirtækið DanTec sem framleiðir lausfrystibúnað (IQF) í Singapúr. DanTec er einn af stærri framleiðendum lausfrystibúnaðar í heiminum og kemur til með að styrkja stöðu Carnitech á þessum markaði. Sölustarfsemi Carnitech í Seattle í Bandaríkjunum jókst, sérstaklega í landvinnslustöðvum fyrir fisk og lax. Vaxtarmöguleikar samstæðunnar árið 2006 liggja í kjöt- og alifuglaíðnaði, auk þess sem nýjar framleiðsluvörur fyrir ört vaxandi markaði, eins og til dæmis í vinnslu tilbúinna rétta, bjóða upp á mikil tækifæri. Áhersla verður lögð á að efla samstarf milli fyrirtækja Marel sem sinna kjötiðnaðinum.

Mentor: Fræðslumiðstöð Marel

Marel leggur sífellt meiri áherslu á þekkingu og þjálfun starfsmanna. Stofnun Mentor: fræðslumiðstöðvar Marel, þar sem starfsmenn samstæðunnar fá þjálfun á sviði sölu, markaðssetningar og þjónustu, er skýrt merki um áherslur samstæðunnar í þessum efnum.



VÖRUPRÓUN



Marel einbeir sér að því að veita viðskiptavininum sínum þjónustu með því að fá þá til samstarfs í þróun markaðsmiðaðra vara. Vöruþróunarteymi okkar vinnur náð með framleiðendum og öðrum til að færa nýja hágæðavöru á markaðinn. Áhersla er lögð á staðlaðar hágæðavörur og lausnir þar sem nýting og ending eru höfð í fyrirrúmi.

Stefna Marel við vöruþróun er að framleiða bestu vörunar á markaðinum hvað viðkemur virkni, áreiðanleika, öryggi, hreinlæti og rekstrarkostnaði, og sú stefna hefur gert okkur kleift að vera leiðandi fyrirtæki í nýsköpun og framleiðslu hátækniþúnaðar. Veltuhlutfall nýrrar framleiðsluvöru milli árana 2003 og 2005 var að meðaltali 18%, en dreifing þess í matvinnsluþæðinum er mismikil milli fyrirtækja samsteypunnar, þar sem hvert fyrirtæki einbeir sér að sínu sérsviði.

Marel hf. setti níu nýjar vöruþegundir á markað á árinu 2005, í samræmi við ríkjandi stefnu okkar í vöruþróunarmálum, en Carnitech fjórar. Marel sótti um 15 einkaleyfi á árinu. Samstæðan á nú 25 einkaleyfi og sækir árlega um 5 til 10 einkaleyfi, og er fyrirtækið því einna ötulast allra fyrirtækja á þessu sviði. Vernd einkaleyfa er afar mikilvæg til að fyrirtæki geti haldið sterkri stöðu sinni og virði, því árangur þess byggir að stórum hluta á tækninýjungum og reynslu starfsmanna.

Grundvallarhlutverk hinnar framsæknu vöruþróunarstefnu samstæðunnar styrktist á árinu 2005 þegar ráðnir voru nýir starfsmenn bæði hjá Marel hf. og Carnitech A/S. Vöruþróun Póls var að fullu samþætt við Marel hf. á árinu. Á árinu 2005 störfuðu 9% starfsmanna Marel samstæðunnar að vöruþróun.



Hjá Marel hf. unnu 15% starfsfólksins að vöruþróun. Hjá Marel samstæðunni starfar framsækið rannsóknar- og tækniíð en helsta markmið þess er að auka þekkingu á nýrri tækni sem Marel gæti hagnýtt sér til lengri eða skemmri tíma og þannig skotið fleiri stöðum undir tæknilegan grunn fyrirtækisins.

Marel ræktar tengslin við vísindasamfélagið með því að taka á móti vísindamönnum og sjá þeim fyrir vinnuaðstöðu við sérstök verkefni sem tengjast starfssviði fyrirtækisins.



FRAMLEIÐSLA



Framleiðsluferli okkar tryggir að allar afhentar vörur standast kröfur viðskiptavina okkar og ströng gæðaviðmið fyrirtækisins. Stefna okkar beinist að því að bæta samkeppnisaðstöðu með áreiðanlegu, fljótvirku og sveigjanlegu framleiðsluferli auk þess að bæta gæði og framleiðslu. Verðmæti framleiddra vara á árinu 2005 var hið hæsta í sögu Marel en það jókst um 7% milli ára. Pantanir um miðbik 2005 voru meiri en nokkru sinni fyrr og kallaði það á aukna framleiðslugetu. Marel brást við með því að ráða fleira starfsfólk og fjölga undirverktökum. Við lok ársins störfuðu 150 manns við framleiðslu hjá Marel í Garðabæ og 14 á Ísafirði. Mun meira var leitað til undirverktaka með lokafrágang í vöruframleiðslu á þessu ári en hinu fyrra. Tvær gerðir staðlaðra vara voru færðar alfarið til framleiðslusviðs Carnitech með góðum árangri. Carnitech A/S festi kaup á nýrri Trumf 5 kW hátæknigeislaskurðarvél til að hámarka framleiðslu og auka framleiðni. Vélin er ein sú besta á markaðnum og tryggir hraðvirka, hagkvæma og áreiðanlega málmvinnslu.

Lean Manufacturing

Marel notaði Lean Manufacturing aðferðafræði til þess að gera framleiðsluferlin hagkvæmari á árinu 2005. Nokkur verkefni gengu út á að stytta framleiðsluferlið með góðum árangri. Verkefni sem kallast 5S var sett af stað í öllum framleiðslueiningum, og snýst það um hreinlæti, reglu og skipulag á vinnusvæðinu. Lögð verður áhersla á stöðugar umbætur á árinu 2006 með Lean Thinking-aðferðafræðina að leiðarljósi.

Efniskostnaður var lækkaður með því að færa framleiðslu íhluta frá nokkrum undirverktökum til nýrra undirverktaka erlendis sem buðu lægri verð. Samstæðan mun sem endranær leita hagkvæmustu leiða til að framleiða íhluti á árinu 2006, en megináhersla verður lögð á að efla okkar eigin framleiðslu í Slóvakíu.



Ný verksmiðja í Slóvakíu

Þótt náðst hafi sparnaður í efniskostnaði með því að skipta um undirverktaka mun aðaláherslan verða lögð á að byggja upp okkar eigin íhlutaframleiðslu í Slóvakíu sem sjá mun Marel samstæðunni fyrir íhlutum. Vélvinnslumiðstöð Carnitech, sem sætti töluverðri samkeppni, hefur að mestu leyti verið flutt frá Danmörku til Slóvakíu.

Aðstæður í Slóvakíu voru fyrst skoðaðar í mars 2005 en íhlutaframleiðsla hófst þar í nóvember. Landið varð fyrir valinu þar sem það býður upp á lágan vinnukostnað, gott grunnvirki (samgöngur o.fl.) og greiðan aðgang að vel menntuðu og hæfu vinnuafli.

Byrjað verður að flytja lokastig vöruframleiðslunnar þangað á seinni hluta ársins 2006. Verksmiðjurnar í Slóvakíu eru í borginni Nitra í Vestur-Slóvakíu, stutt frá höfuðborginni Bratislava og austurrísku landamærunum. 2000 m² húsnæði hefur verið leigt til loka ársins 2007 og hefur það verið lagað að þörfum Marel og Carnitech. Einnig er búið að festa kaup á 40.000 m² iðnaðarlóð í Nitra og er áætlað að byggingu nýrrar verksmiðju verði lokið í lok ársins 2007.



Þótt meginhluti stækkunar á framleiðslu Marel á komandi árum verði í Slóvakíu mun framleiðsla á Íslandi og þróun hennar áfram verða mikilvægur hluti starfseminnar. Nýr búnaður, sérsniðnar lausnir og stærri kerfi verða áfram framleidd á Íslandi, en vöxtur í Slóvakíu mun fyrst og fremst verða í íhlutaframleiðslu og framleiðslu staðlaðra vara. Tilkynt var í lok árs 2005 að verksmiðjan við Austurhraun í Garðabæ yrði stækkuð. Verklök eru áætluð á árinu 2006, en 4000 m² rými sem við bætist verður notað til að mæta meiri þörf í framleiðslu á stærri kerfum.

Sameining Póls og Marel

Marel og Póls á Ísafirði voru sameinuð undir merkjum Marel í september 2005. Meginhluti starfseminnar á Ísafirði er á sviði framleiðslu en áhersla verður lögð á að sérhæfa framleiðsluna á árinu 2006. Með meiri sérhæfingu verða aðstæður á Ísafirði til meiri framleiðni góðar og verður aðaláherslan lögð á slíka aukningu þar á árinu 2006.

Skarað fram úr

Faglegur metnaður einkennir starfið í framleiðslu Marel. Starfsmaður Marel varð hlutskarpastur á Íslandsmeistaramótinu í málmstöðu 2005, og er það þriðja árið í röð sem Marel vinnur keppnina.

ÞJÓNUSTA



Marel er með viðskiptavini í fleiri en 60 löndum um allan heim og því lagði Marel áherslu á að færa þjónustu sína eins nálægt þeim og kostur var á árinu 2005. Áhersla var lögð á að efla frekar tækni- og sérfræðipækkingu innan dótturfyrirtækja samsteypunnar og hjá umboðsaðilum. Miðlun tæknilegrar þekkingar náðist með reglulegum námskeiðum í höfuðstöðvum Marel á Íslandi, á sérnámskeiðum og með heimsóknnum sérfræðinga Marel til hinna ýmsu landa sem og með starfs-

mannskiptum þar sem innlendir sérfræðingar fara og vinna í öðrum löndum. Þrír sérfræðingar voru fluttir til í starfi á árinu 2005 en þeir fóru frá höfuðstöðvunum og tóku að sér stjórnun tæknimála í dótturfyrirtækjum. Þessu til viðbótar er reglulega gefið út fréttabréf um tæknimál auk þess sem starfrækt er vefsvæði sem er sérstaklega hugsað fyrir tæknimenn Marel.

Marel hefur á að skipa 125 tæknimönnum víðsvegar um heiminn. Þeim fjölga sífellt og á árinu 2005 bættu dótturfyrirtæki Marel stórlega við þjónustugetu sína. Stærstu teymin eru hjá Marel í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Danmörku en Marel á Spáni, Kanada, Ástralíu, Bretlandi, Rússlandi og Chile eru ört vaxandi. Með þessum liðsauka verða dótturfyrirtæki Marel sjálfum sér nóg að þessu leyti sem gerir tæknimönnum hér á landi kleift að beina athyglinni frekar að stuðningi við ný markaðssvæði og heimamarkaðinn á Íslandi.

Íslenska teymið samanstendur af 18 tæknimönnum á mismunandi sérsviðum. Auk þess að sinna íslenskum viðskiptavinum aðstoða tæknimennirnir vinnufélaga sína í öðrum löndum í gegnum síma, tölvupóst og fjarbúnað. Teymið sér einnig um að þjónusta ný og fjarlæg markaðssvæði þar sem enn á eftir að byggja upp innlenda tækniástoð.

Þjálfunaráætlun Marel í tæknimálum var nýlega endurskipulögð og breytt í metnaðarfullan tækniskóla og er nú hluti af Mentor: fræðslumiðstöð Marel. Miðstöðin býður upp á allhliða sölu- og þjónustunámskeið fyrir umboðsmenn og starfsmenn samstæðunnar.



Þjónusta við viðskiptavinum

Perfect Partnership þjónustuáætlunin

Marel býður upp á mismunandi þjónustuáætlanir sem sniðnar eru að þörfum hvers viðskiptavinar. Í boði eru þrjú mismunandi þjónustustig: Platínu, gull og silfur en hvert stig er sveigjanlegt svo að alltaf fái besta lausnin hverju sinni.

Valmöguleikarnir eru allt frá grunnþjónustu á búnaði til víðtækrar ráðgjafar og fyrirbyggjandi viðhalds. Þjónustusamningar tryggja lámarkstímatap vegna bilana, reglulega þjálfun, viðhald og fyrsta flokks ráðgjöf um vinnslu, en allt miðar þetta að því að veita viðskiptavinum Marel allt sem þeir þarfnast.

Samningarnir bjóða upp á ráðgjöf um vinnslu sem og beinan aðgang að þjónustu og eftirfylgni, sem tryggja að starfsemin er eins og best verður á kosið. Sérfræðingar Marel tryggja að búnaður, þjálfun og hugbúnaðarkerfi eru ávallt af nýjustu gerð. Sérfróðir og áreiðanlegir tæknimenn og sérfræðingar eru til reiðu til að sinna fyrirbyggjandi viðhaldi, vinnsluráðgjöf, ítarlegum þjálfunarnámskeiðum fyrir viðskiptavinum, varahlutaumsýslu og birgðastjórnun ásamt netþjónustu og eftirliti.

Þannig hefur Marel skapað kerfi sem er langt umfram það sem býst í öðrum venjulegum þjónustusamningum. Þetta tryggir ekki einvörðungu fyrirbyggjandi viðhald á búnaði heldur nær einnig til starfmannþjálfunar, kerfiseftirlits og aðstoðar með fjarbúnaði sem og vinnsluráðgjafar.



MAREL OG SAMFÉLAGIÐ

Ábyrgir viðskiptahættir og stöðug viðleitni til að láta gott af sér leiða í samfélaginu einkennir stefnu Marel í félagslegum mállefnum. Marel temur sér ábyrga framkomu með skipulögðum hætti og leitast við að eiga hlutdeild í samfélagslegum markmiðum sem eru í samræmi við óskir viðskiptavina okkar og samfélagsins. Stjórnin og starfsfólk samstæðunnar sýna stuðning, ábyrgð og hlutdeild við að greina og hafa umsjón með mállefnum sem skipta miklu fyrir starfsemi samstæðunnar og orðstír hennar.


Við hvetjum öll dótturfyrirtæki okkar og viðskiptaskrifstofur til að taka þátt í og framfylgja stefnu samstæðunnar. Félagsleg

ábyrgð og tengd verkefni eru mismunandi eftir löndum og ráðast af aðstæðum á hverjum stað. Dótturfyrirtæki okkar taka þátt í samfélaginu á sínu svæði samhliða því sem þau gegna hlutverki sínu í heildarstefnu samstæðunnar. Vegna þess að Marel samstæðan þróar og framfylgir stefnu sinni sem er byggð á sameiginlegum markmiðum og mállefnum fyrirtækisins og samfélagsins, er mest lagt upp úr því að styrkja nýsköpun, vísindi og raunvísindakennslu á öllum skólastigum. Stefna okkar byggist á samvinnu og starfsfólk okkar tekur virkan þátt í samvinnuverkefnum á ýmsum sviðum.

Árið 2004 kom samstæðan á langtímaáætlun til stuðnings vísindakennslu á öllum skólastigum og hafa bæði starfslið og fjármunir verið settir í þetta verkefni á árinu 2005. Tilgangurinn með fjárhagslegu og verklegu framlagi okkar er að leitast við að efla nýsköpun og bæta vísinda- og stærðfræðimenntun auk þess að auka skilning manna á gildi góðrar vísindamenntunar í þeim samfélögum þar sem við rekum starfsemi okkar. Marel mun á komandi árum leggja sitt af mörkum sem meginstyrktaraðili nýsköpunar- og vísindakeppna meðal ungmenna og verkfræðikeppna á háskólastigi, auk þess sem stutt verður við þróun vísindasafns fyrir börn og önnur vísindaverkefni með virkri þátttöku og fjárhagsstuðningi. Við verðum í nánú sambandi við yfirvöld á hverjum stað við að efla vísindakennslu og samhæfingu hennar en jafnframt höldum við góðum tengslum við háskóla og rannsóknaraðila í stuðningi okkar við nýsköpun og yfirburða árangur í vísindarannsóknnum og könnunum.



Glöggur geimvera í Vísindaveröldinni í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum.



Liðin keppa á sérstökum brautum og nota legókubba í First Lego League.



Hindranabrautin í árlegri hönnunarkeppni véla- og iðnaðarverkfræðinema við HÍ.

MANNAUÐUR



Með starfsmannastefnu sinni leitast Marel við að viðhalda anda framsækins hátæknifyrirtækis og bjóða jafnframt upp á metnaðarfullt og jákvætt starfsumhverfi. Við fylgjum ákveðnum markmiðum á hverju ári um stefnumörkun og viðmið sem starfsfólk tekur þátt í að móta. Við byggjum á traustum en sveigjanlegum grunni og hvetjum til sköpunargleði og einstaklingsframtaks, og leggjum áherslu á ábyrgð hvers og eins. Sköpunarkraftur er ómissandi þáttur í mikilli samkeppni og þótt markmið okkar séu skýr er fólk hvatt til þess að leita óvenjulegra leiða til að ná þeim.

Það er afráttarlaus stefna Marel að tryggja öruggt og þægilegt vinnuumhverfi. Vandlega er fylgst með öllum hliðum öryggis- og heilbrigðismála á vinnustað. Góð vinnuaðstaða er nauðsynleg til að starfsmenn nái árangri. Stöðugur vöxtur einkennir enn starfsmannamál innan samstæðunnar. Starfsmönnum fjölgaði úr 773 árið 2003 í 895 árið 2005. Marel samstæðan nýtur þess hve starfsmannaveltan er lág en hún var 6,85% árið 2005. Þessi velta er í samræmi við meðaltal undanfarinna ára.

Ný fræðslumiðstöð stofnuð

Marel er þekkingarfyrirtæki sem leggur áherslu á símenntun. Með þetta í huga voru margvíslegar þjálfunaráætlanir innan fyrirtækisins sameinaðar Mentor: Fræðslumiðstöð Marel í nóvember 2005. Markmiðið með Mentor er að tryggja að starfsmenn okkar, dótturfyrirtæki og umboðsaðilar hafi þá þekkingu og kunnáttu sem þarf til að fylgja eftir sýn fyrirtækisins.

Mentor samanstendur af tækniskóla, þjónustuskóla og söluskóla og öðru sérhæfðu námi fyrir ýmsa hópa, s.s. þjálfun og fræðslu stjórnenda, grunnnámi fyrir nýliða og þekkingarmiðlun um alla Marel samstæðuna. Auk þess býður Mentor upp á verkefnið „Til í allt“ vegna námskeiða sem ekki tengjast vinnunni.

Niðurstöður innanhúskönnunar

Mannauðsdeild fyrirtækisins gerði skoðanakönnun meðal starfsfólksins á árinu 2005. Niðurstöðurnar voru jákvæðar þar sem meirihluti taldi andann í fyrirtækinu vera hvetjandi, frjálsgan og góðan. Könnunin leiddi einnig í ljós að góður liðsandi og samvinna ríkir á milli starfsmanna og að fyrirtækið nýtur góðs af jafnræðisstefnu og tiltölulega flatrí stjórnumarkskipun. Gagnkvæm virðing og hvatning ríkir milli stjórnenda og starfsmanna.

Starfsmenn álitu hópinn duglegan, faglegan, eiga auðvelt með að leysa vandamál og tilbúinn til þess að leggja mikið á sig til að ná árangri. Starfsmenn eru stoltir af vinnu sinni hjá samstæðunni og kunna að meta tækifærin sem bjóðast til að hafa áhrif á vinnu sína sem og svigrúmið til að vinna sjálfstætt. Könnun meðal starfsfólksins árið 2004 skilaði sömu niðurstöðum, sem sýnir hversu samtaka starfsmenn Marel eru orðnir.


Sköpunargleði skiptir máli

Við í Marel hópnum höfum mikla trú á virði þess að skemmta okkur saman. Hópefling árið 2005 fólst m.a. í Esjugöngu, hádegisverði með mexíkósku þema, fjölskyldugrilli í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum og þátttöku í verkefninu „hjólað í vinnuna“. Einnig var keppt í hinum árlegu veggtennis- og golfkeppnum. Mikilvægt er að stuðla að eflingu hópsins og eru teymi okkar hvött til að skipuleggja sína eigin viðburði.






Fjöldi starfsmanna, meðaltal á ári









Menntun




STJÓRN MAREL SAMSTÆÐUNNAR

Marel hf

	<p>Ásgeir Ásgeirsson Framkvæmdastjóri vöruþróunar</p> <p>Menntun: MS í rafmagnsverkfræði 1993 frá University of Washington. Tölvunarfræði, B.Sc., 1990, Háskóli Íslands. Rafmagnsverkfræði, B.Sc., 1986, Háskóli Íslands.</p>	<p>Ásgeir hóf störf hjá Marel árið 1986 og vann við vöruþróun á árunum 1993-1996. Hann var yfirmaður upplýsingatæknideildar 1996-2001 og varð framkvæmdastjóri vöruþróunar hjá Marel árið 2001. Ásgeir tók einnig við stöðu framkvæmdastjóra dótturfyrirtækisins Póls árið 2004.</p>
	<p>Jón Þór Ólafsson Framkvæmdastjóri vöruþróunar</p> <p>Framkvæmdastjóri vöruþróunar Menntun: Rafmagnsverkfræði, B.Sc., 1978, Háskóli Íslands. Tæknifræðingur 1973 frá Tækniskóli Íslands.</p>	<p>Jón Þór var sérfræðingur við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands frá 1978 til 1983 þar sem hann kannaði möguleikana á því að þróa og framleiða vogir sem gætu stýrt vinnslu í fiskverkunarhúsum. Þessi vinna lagði grunninn að Marel, sem stofnað var árið 1983. Jón Þór hefur starfað hjá fyrirtækinu frá upphafi og varð framkvæmdastjóri vöruþróunar árið 1987.</p>
	<p>Kristján Þorsteinsson Framkvæmdastjóri fjármála</p> <p>Menntun: Viðskiptafræði, B.Sc., 1976, Háskóli Íslands.</p>	<p>Kristján var forstöðumaður á fjármálasviði Eimskipafélags Íslands frá 1978 til 1996. Árið 1996 varð hann framkvæmdastjóri umboðsfyrirtækis í Englandi í eigu Eimskip, sem annaðist rekstur skipafélaga. Hann gekk til liðs við Marel 1999 sem framkvæmdastjóri fjármála.</p>
	<p>Lárus Ásgeirsson Framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs</p> <p>Menntun: Vélaverkfræði, M.Sc., 1982, Oklahoma State University. Vélaverkfræði, B.Sc., 1981, Háskóli Íslands.</p>	<p>Lárus var sérfræðingur hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins frá 1983 til 1986. Hann varð rekstrarstjóri Lýsis 1986 og framkvæmdastjóri Icepro Group í Bandaríkjunum frá 1987 til 1991. Lárus tók við stöðu framkvæmdastjóra sölu- og markaðssviðs Marel árið 1991. Hann er auk þess staðgengill forstjóra.</p>
	<p>Magnús Þór Ásmundsson Framkvæmdastjóri framleiðslu</p> <p>Menntun: Rafmagnsverkfræði, M.Sc., 1990, Tækniháskólinn í Danmörku. Rafmagnsverkfræði, B.Sc., 1987, Háskóli Íslands.</p>	<p>Magnús gekk til liðs við Marel árið 1990 og varð starfsmannastjóri árið 1998. Magnús Þór varð framkvæmdastjóri framleiðsludeildar Marel í desember 1999.</p>


	Hörður Arnarson forstjóri	Hörður gekk til liðs við Marel hf. 1985, þegar fyrirtækið var tveggja ára og gegndi þá stöðu verkefnisstjóra. Árið 1994 varð hann framkvæmdastjóri Vöruþróunardeildar og framkvæmdastjóri Framleiðsludeildar árið 1998 fram til 1999 þegar hann tók að sér forstjórstöðu fyrir Marel og Marel samstæðuna. Hörður er varaformaður í stjórn Samtaka iðnaðarins og situr í stjórn Viðskiptaráðs Íslands.
	Menntun: Rafmagnsverkfræði, Ph.D., 1990, Tækniháskólinn í Danmörku. Rafmagnsverkfræði, B.Sc., 1985, Háskóli Íslands.	


	Pétur Guðjónsson Framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs	Pétur starfaði sem verkfræðingur hjá Raunvísindastofnun Háskóla Íslands frá 1982 til 1984 samtímis kennslu við Tækniskóla Íslands frá 1982 til 1985. Hann hóf störf sem verkfræðingur hjá Marel árið 1984 og var meðal fyrstu starfsmanna fyrirtækisins. Pétur var framkvæmdastjóri Marel Equipment í Kanada og rak dótturfyrirtækið fram til ársins 1991 en þá varð hann framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs.
	Menntun: Rafmagnsverkfræði B.Sc., 1982, Háskóli Íslands.	

	Sigurpáll Jónsson Framkvæmdastjóri þjónustusviðs	Sigurpáll var fimm ár við verkfræðistörf hjá ÍSAL áður en hann kom til Marel árið 1985. Frá 1989 til 1996 var hann yfirmaður ýmissa deilda hjá Marel en varð framkvæmdastjóri Marel í Bandaríkjunum þegar dótturfélag var stofnsett þar árið 1996. Því starfi gegndi hann fram til ársins 2000 er hann kom aftur til starfa í aðalstöðvum Marel og tók við stöðu framkvæmdastjóra þjónustusviðs. Sigurpáll hefur einnig sinnt starfi innkaupastjóra frá árinu 2003.
	Menntun: Rafmagnsverkfræði, framhaldsnám, 1979, ETH í Zürich. Rafmagnsverkfræði, B.Sc., 1978, Háskóli Íslands.	

Carnitech A/S

	Thorkild Christensen Forstjóri, Carnitech A/S	Thorkild Christensen var einn af þeim sem stofnuðu Carnitech A/S árið 1981. Þar áður vann hann sem lásmiður og eftirlitsmaður. Hann varð framkvæmdastjóri fyrirtækisins árið 1983.
	Menntun: Lásmiður, 1966, Østre Brønderslev Centralskole, Denmark.	

	Tage Thesbjerg Fjármálastjóri, Carnitech A/S	Tage Thesbjerg kom til starfa hjá Carnitech A/S árið 1991 og tók við fjármálastjórn fyrirtækisins árið 1997. Áður hafði hann unnið fimm ár hjá dönsku endurskoðunarstofunni Mortensen & Beirholm og tvö ár sem fjármálastjóri hjá dótturfyrirtæki Sabroe Refrigeration í Gautaborg.
	Menntun: Endurskoðandi, 1984, Ringkjøbing Handelsskole, Denmark.	

	Aksel Andersen Tæknistjóri, Carnitech A/S	Aksel Andersen var einn af þeim sem stofnuðu Carnitech A/S árið 1981. Hann hafði unnið sem vélvirki, lásmiður og eftirlitsmaður við ýmis fyrirtæki. Eftir nokkur ár hjá Carnitech A/S tók hann við umsjón framléiðslunnar ásamt teiknistofu fyrirtækisins og hefur hann sem tæknistjóri haft umsjón með hvoru tveggja frá árinu 1983.
	Menntun: Vélvirki, 1965, Tylstrypp Centralskole, Denmark.	

HLUTABRÉF OG HLUTHAFAR




FJÁRFESTAR

Hlutabréf Marel eru skráð í Kauphöll Íslands og eru í úrvalsvísitölunni ICEX-15. Verð hlutabréfa jókst úr 49,2 kr. í árslok 2004 í 65,00 kr. í árslok 2005, sem er 32% hækkun. Á sama tímabili varð 65% hækkun úrvalsvísitölnnar ICEX-15. Hæsta verð hlutabréfa í lok dags var 69,00 kr. í september og lægsta verð hlutabréfa í lok dags var 48,80 kr. í janúar.

Heildarmarkaðsvirði hlutabréfa Marel í viðskiptum í Kauphöll Íslands var 6.859.895.687 kr. og veltuhlutfallið var 47%. Meðalverðbil í lok dags var 0,86%. Markaðsverð fyrirtækisins í árslok 2005 var 15,6 milljarðar kr. Fjöldi hlutabréfa er 240.064.000. Í árslok 2005 voru 1176 hluthafar í Marel og hafði þeim fækkað úr 1354 frá árslokum 2004.

Talsverðar breytingar urðu á hópi hluthafa árið 2005. Helst ber þar að telja að Landsbanki Íslands er orðin stærstur hluthafa með 36,5% við árslok 2005 en Eyrir Invest ehf. á 29,3%. Marel seldi 4,8 milljónir af eigin hlutabréfum umfram hlutabréf keypt árið 2005. Miðað við 6. febrúar 2006 átti Marel eigin bréf að nafnvirði 1.769.142 kr.



Gengi hlutabréfa Marel samanborið við ICEX-15 úrvalsvísitölu.



10 stærstu hluthafar

8.2.2006


Hluthafar	Hlutir	%
1 Landsbanki Íslands hf	87.626.069	36,5
2 Eyrir Invest	70.407.877	29,3
3 Ingunn Sigurðardóttir	4.750.000	2,0
4 Helga Sigurðardóttir	4.750.000	2,0
5 Súsanna Sigurðardóttir	4.714.500	2,0
6 Tryggingamiðstöðin hf	4.160.946	1,7
7 Egill Vilhjálmur Sigurðsson	3.800.000	1,6
8 Traustfang ehf	3.467.368	1,4
9 Eignarhaldsfélag Hörpu ehf	3.326.000	1,4
10 Landssjóður hf	2.641.104	1,1



STJÓRNUNARHÆTTIR

Stjórn Marel hf. fylgir samþykktum fyrirtækisins í starfsháttum sínum. Stjórnin hefur einnig sett sér eigin starfsreglur sem fylgt er gaumgæfilega. Reglur þessar og

gerðir stjórnarinnar fylgja þeim viðmiðunarreglum um stjórnunarhætti fyrirtækja sem settar eru af Kauphöll Íslands, Verslunarráði og Samtökum atvinnulífsins.



ÁRSREIKNINGUR 2005



Þjónusta, vandvirkni og ábyrgð



ÁRITUN STJÓRNAR OG FORSTJÓRA

Samstæðuársreikningur 2005 hefur að geyma ársreikning Marel hf. og dótturfélaga. Samstæðuársreikningur 2005 er í fyrsta sinn gerður eftir alþjóðlegum reikningskilastöðlum (IFRS) eins og þeir hafa verið staðfestir af EB. Áhrif innleiðingar alþjóðlegra reikningskilastaðla á eigið fé eru sýnd í skýringu 5.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur samstæðunnar 129 milljónum evra á árinu samanborið við 112,3 milljónir evra á árinu 2004. Hagnaður af rekstri samstæðunnar nam 5,7 milljónum evra samanborið við 8,0 milljónir evra árið áður. Samkvæmt efnahagsreikningi félagsins námu eignir samstæðunnar 114,9 milljónum evra og eigið fé nam í árslok 41 milljón evra.

Á árinu störfuðu að meðaltali 896 starfsmenn hjá samstæðunni en 335 hjá móðurfélaginu. Launagreiðslur samstæðunnar námu 49,5 milljónum evra.

Hluthafar í Marel hf voru 1.176 í árslok 2005 og fækkaði þeim um 178 á árinu. Tveir hluthafar áttu yfir 10% eignarhlut í félaginu, en það eru Landsbanki Íslands hf., sem átti 36,49% og Eyrir Invest sem átti 29,33% af heildarhlutafé félagsins.

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði arður að fjárhæð 48 milljónir króna, 0,20 krónur á hlut, til hluthafa á árinu 2006, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun á hagnaði ársins og breytingar á bókfærðu eigin fé félagsins.

Stjórn og forstjóri Marel hf staðfesta hér með ársreikning samstæðu félagsins fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Garðabæ, 7. febrúar 2006

Árni Oddur Þórðarson

Arnar Þór Mátsson

Friðrik Jóhannsson

Þórólfur Árnason

Egill Tryggvason

Forstjóri

Hörður Arnarson



Stjórn Marel: Arnar Þór Másson, Árne Oddur Þórðarson, Friðrik Jóhannsson og Þórólfur Árnason. Helgi Magnússon var fjarverandi.

Arnar Þór Másson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Marel hf

Við höfum endurskoðað samstæðuársreikning Marel hf fyrir árið 2005. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu og áritun stjórnar og forstjóra, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um eigið fé, sjóðstreymi og skýringar. Samstæðuársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin, sem tekur mið af mati okkar á mikilvægi einstakra þátta og áhættu, felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðu Marel hf. á árinu 2005, efnahag 31. desember 2005 og breytingu á fjárhagslegri skipan á árinu 2005, í samræmi við lög og alþjóðlega reikningskilastaðla eins og þeir hafa verið samþykktir af EB.

Garðabæ, 7. febrúar 2006

PricewaterhouseCoopers hf

Ólafur Þór Jóhannesson
Þórir Ólafsson



Kennitölur

	2005	2004	2003*	2002*	2001*
Kennitölur úr rekstri					
Sala	129.039	112.301	106.104	100.654	94.116
Framlegð	43.162	41.016	34.617	-	-
Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	14.814	16.527	10.129	5.712	8.432
Rekstrarhagnaður (EBIT)	9.721	12.066	6.568	2.278	5.979
Hagnaður ársins	5.715	7.984	3.749	50	2.106
Sjóðstreymi					
Handbært fé frá rekstri	2.987	13.207	4.724	1.004	1.098
Fjárfestingarhreyfingar	(10.180)	(6.389)	(1.955)	(17.959)	(12.585)
Fjármögnunarkostnaður	7.210	(7.263)	(1.153)	16.906	4.238
Fjárhagsstaða					
Eignir samtals	114.890	95.482	81.334	82.602	68.829
Hreint veltufé	16.557	19.807	17.700	12.740	14.978
Eigið fé	41.032	31.595	25.167	22.724	23.654
Ýmsar stærðir sem hlutfall af sölu					
Framlegð	33,4%	36,5%	32,6%	-	-
Sölu- og markaðskostnaður	12,5%	12,4%	12,8%	-	-
Rannsóknar- og þróunarkostnaður	6,2%	5,8%	6,8%	-	-
Stjórnunarkostnaður	8,1%	8,1%	8,1%	-	-
Laun og launatengd gjöld	42,5%	41,9%	41,0%	43,5%	40,7%
Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	11,5%	14,7%	9,5%	5,7%	9,0%
Rekstrarhagnaður (EBIT)	7,5%	10,7%	6,2%	2,3%	6,4%
Afskriftir	3,9%	4,0%	3,4%	3,4%	2,6%
Hagnaður ársins	4,4%	7,1%	3,5%	0,0%	2,2%
Aðrar lykilstærðir					
Veltufjárlutfall	1,4	1,6	1,7	1,4	1,6
Lausafjárlutfall	0,6	0,7	0,8	0,7	0,8
Eiginfjárlutfall	35,7%	33,1%	30,9%	27,5%	34,4%
Arðsemi eiginfjár	18,1%	30,5%	16,5%	0,2%	9,4%
Arðsemi eigna	5,4%	9,0%	4,6%	0,1%	3,2%
H/V hlutfall	0,03	0,06	0,05	0,00	0,03
V/H hlutfall	36,7	17,7	19,7	990,0	32,5

*Fjárhæðir 2001-2003 eru ekki í samræmi við IFRS.

*Fjárhæðir 2001 eru umreiknaðar úr íslenskum krónum yfir í evrur þannig að rekstrarliðir eru umreiknaðir á meðalgengi hvers árs en efnahagsliðir á lokagengi.

Rekstrarreikningur

		2005	2004	2005	2004
	Skýring	4. ársfj.	4. ársfj.		
Sala	6	34.785	29.122	129.039	112.301
Kostnaðarverð seldra vara		<u>(23.484)</u>	<u>(18.520)</u>	<u>(85.877)</u>	<u>(71.285)</u>
Framlegð		11.301	10.602	43.162	41.016
Aðrar rekstrartekjur		349	180	1.052	598
Sölu- og markaðskostnaður		(4.413)	(3.673)	(16.067)	(13.888)
Rannsóknar- og þróunarkostnaður		(3.014)	(2.087)	(8.004)	(6.542)
Stjórnunarkostnaður		<u>(2.948)</u>	<u>(2.174)</u>	<u>(10.422)</u>	<u>(9.118)</u>
Rekstrarhagnaður		1.275	2.848	9.721	12.066
Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur	8	<u>(576)</u>	<u>(596)</u>	<u>(2.639)</u>	<u>(1.768)</u>
Hagnaður fyrir skatta		699	2.252	7.082	10.298
Tekjuskattur	10	(120)	(332)	(1.367)	(2.236)
Eignarskattur		<u>0</u>	<u>(25)</u>	<u>0</u>	<u>(78)</u>
Hagnaður ársins / tímabilsins		<u>579</u>	<u>1.895</u>	<u>5.715</u>	<u>7.984</u>
Hagnaður á hlut (sýndur sem EUR cent á hlut)					
Hagnaður á hlut	11	0,25	0,81	2,42	3,40
Útþynntur hagnaður á hlut	11	0,24	0,79	2,38	3,33

Skýringar á bls. 48-77 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðureikningsskilanna.

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýring	31/12 2005	31/12 2004
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	13	33.242	31.847
Viðskiptavild	14	9.580	7.861
Aðrar óefnislegar eignir	14	8.518	6.360
Eignarhlutir í öðrum félögum	28	0	753
Fjárfestingar sem haldið er til sölu	29	680	0
Langtímakröfur		29	92
Frestaðar tekjuskattsinneignir	22	1.231	1.334
		<u>53.280</u>	<u>48.247</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	15	25.274	21.166
Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun	16	8.921	5.859
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur	17	23.517	15.844
Aflleiðusamningar	19	18	0
Handbært fé	18	3.880	4.366
		<u>61.610</u>	<u>47.235</u>
Eignir samtals		<u>114.890</u>	<u>95.482</u>
Eigið fé			
Hlutfé	26	2.637	2.637
Eigin hlutabréf	26	(8)	(75)
Yfirverðsreikningur hlutfjár		12.671	9.059
Varasjóðir	27	225	(408)
Óráðstafað eigið fé		25.507	20.382
Eigið fé samtals		<u>41.032</u>	<u>31.595</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Lántökur	21	24.881	31.442
Frestaðar tekjuskattsskuldbindingar	22	3.520	3.349
Aflleiðusamningar	19	404	0
		<u>28.805</u>	<u>34.791</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	20	24.719	21.118
Ógreiddir skattar		278	328
Lántökur	21	19.262	7.024
Aðrar skuldbindingar	23	794	626
		<u>45.053</u>	<u>29.096</u>
Skuldir samtals		73.858	63.887
Eigið fé og skuldir samtals		<u>114.890</u>	<u>95.482</u>

Skýringar á bls. 48-77 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðureikningsskilanna.

Yfirlit um breytingar á eigin fé

	Skýr	Hlutafé	Eigin hlutabréf	Yfirverðs- reikningur hlutafjár	Vara- sjóðir	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Staða 1. janúar 2004		2.637	(48)	10.794	0	14.473	27.856
Leiðréttingar á sköttum frá fyrri árum	2					(1.668)	(1.668)
Leiðrétt staða 1. janúar 2004		2.637	(48)	10.794	0	12.805	26.188
Sjóðstreymisvarnir:							
– gangvirðishagnaður (-tap) eftir skatta	27				(20)		(20)
Þýðingarmunur vegna dótturfélaga	27				(388)		(388)
Hagnaður (tap) sem er færður							
beint á eigið fé		0	0	0	(408)	0	(408)
Sala (kaup) eigin hlutabréfa, nettó			(62)	(2.967)			(3.029)
Kaup á dótturfélagi	31		35	1.232			1.267
Arður						(407)	(407)
Hagnaður						7.984	7.984
		0	(27)	(1.735)	(408)	7.577	5.407
Staða 31. desember 2004		2.637	(75)	9.059	(408)	20.382	31.595
Innleiðing IAS 32 og IAS 39		0	0	0	0	0	0
Staða 1. janúar 2005		2.637	(75)	9.059	(408)	20.382	31.595
Sjóðstreymisvarnir:							
– gangvirðishagnaður (-tap) eftir skatta	27				(257)		(257)
Þýðingarmunur vegna dótturfélaga	27				890		890
Hagnaður (tap) sem er færður							
beint á eigið fé		0	0	0	633	0	633
Sala (kaup) eigin hlutabréfa, nettó			67	3.612			3.679
Arður						(590)	(590)
Hagnaður						5.715	5.715
		0	67	3.612	633	5.125	9.437
Staða 31. desember 2005		2.637	(8)	12.671	225	25.507	41.032

Skýringar á bls. 48-77 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðureikningsskilanna.

Sjóðstreymi

	Skýring	2005	2004
Handbært fé frá rekstri			
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	28	5.762	15.801
Greiddir vextir		(1.959)	(1.548)
Greiddir skattar		(816)	(1.046)
Handbært fé frá rekstri, nettó		<u>2.987</u>	<u>13.207</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaup á dótturfélagi að frádregnu handbæru fé		(1.939)	(1.758)
Kaup á varanlegum rekstrarfjármunum	13	(3.752)	(1.642)
Kaup á óefnislegum eignum	14	(4.811)	(3.118)
Sala á varanlegum rekstrarfjármunum		322	117
Sala á hlutabréfum		0	12
Handbært fé nýtt í fjárfestingar		<u>(10.180)</u>	<u>(6.389)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Sala (kaup) á eigin hlutabréfum, nettó		3.678	(3.030)
Nýjar langtímaskuldir		8.285	2.452
Afborganir af langtímaskuldum		(3.681)	(6.004)
Afborganir af leigusamningum		(482)	(274)
Greiddur arður		(590)	(407)
Handbært fé frá fjármögnun		<u>7.210</u>	<u>(7.263)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
		17	(445)
Gengisumreikningur		(503)	84
Handbært fé í ársbyrjun		4.366	4.727
Handbært fé í árslok	18	<u>3.880</u>	<u>4.366</u>
Handbært fé frá rekstri			
	28		
Hagnaður ársins		5.715	7.984
Liðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé		9.585	8.122
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		(9.538)	(305)
		<u>5.762</u>	<u>15.801</u>
Hreint veltufé frá rekstri		<u>12.525</u>	<u>13.512</u>

Skýringar á bls. 48-77 eru óaðskiljanlegur hluti samstæðureikningsskilanna.

Skýringar

1. Almennar upplýsingar

Marel hf. (samstæðan) er hlutafélag sem er skráð á Íslandi og hefur aðsetur sitt þar. Hlutabréf Marel hf. eru skráð á aðallista Kauphallar Íslands.

Stjórn Marel hf. samþykkti samstæðuársreikning þennan þann 7. febrúar 2006.

2. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

2.1 Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur samstæðu Marel hf. 2005 er gerður í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) eins og þeir hafa verið samþykktir af EB. Ársreikningurinn fylgir IFRS-staðli 1, innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla, þar sem þetta er í fyrsta sinn sem ársreikningur samstæðunnar er gerður eftir þessum stöðlum.

Reikningsskilareglur sem samþykktar hafa verið af EB víkja frá alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í nokkrum þáttum sem munu þó hafa óveruleg áhrif á reikningsskil samstæðunnar í framtíðinni.

Fram til ársloka 2004 voru reikningsskil samstæðunnar gerð í samræmi við góða reikningsskilavenju á Íslandi. Reikningsskila- og matsaðferðir samkvæmt fyrri reikningsskilavenju eru í sumum atriðum frábrugðnar aðferðum samkvæmt IFRS. Samanburðarfjárhæðum vegna ársins 2004 hefur verið breytt vegna þessa, nema þar sem annað er sérstaklega tekið fram.

Í skýringu nr. 5 er sérstaklega greint frá áhrifum af upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla á eigið fé og afkomu.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsaðferð að teknu tilliti til færslu fjáreigna (þ.m.t. afleiðugerninga) sem tilgreindar eru á gangvirði með breytingum í rekstrarreikningi.

Gerð ársreikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að notaðar séu tilteknar aðferðir við reikningshaldslegt mat. Stjórnendur félagsins þurfa jafnframt að ákvarða notkun tiltekinna reikningsskilaaðferða. Sérstaklega er greint frá þessum aðferðum í skýringu nr. 4.

Skekka frá fyrri árum:

Ágreiningur var við Ríkisskattstjóra á árinu 2005 vegna skattalegrar afskriftar á viðskiptavild á árunum 1998-2003. Ríkisskattstjóri neitaði að viðurkenna skattalegan frádrátt á framangreindu tímabili og úrskurðaði að félagið skyldi greiða EUR 1.668 og kemur fjárhæðin til greiðslu í febrúar 2006. Fjárhæðin kemur til leiðréttingar á óráðstöfuðu eigin fé í upphafi árs 2004 og byggir þessa reikningshaldslega meðhöndlun á alþjóðlegum reikningsskilastaðli númer 8 (IAS 8). Eigið fé 1. janúar 2004 / 31. desember 2004 lækkar því (sjá yfirlit um breytingar á eigin fé) með samsvarandi hækkun á viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum.

Úrskurði Ríkisskattstjóra verður áfrýjað til Yfirsattanefndar á árinu 2006.

2.2 Samstæðureikningur

Dótturfélög

Dótturfélög eru öll fyrirtæki þar sem samstæðan hefur vald til að ráða fjárhagslegri og stjórnunarlegri stefnu, sem fylgir að öðru jöfnu eignarhlut með meira en helmingi atkvæðaréttar. Litið er til áhrifa af mögulegum atkvæðarétti sem hægt er að nýta eða breyta við mat á því hvort samstæðan ráði yfir öðru fyrirtæki. Dótturfélög eru að fullu hluti af samstæðunni frá þeim degi sem yfirráð yfir þeim færast til samstæðunnar. Þau eru færð úr samstæðunni frá þeim degi sem yfirráðin taka enda.

Skýringar

Kaupaðferð í reikningshaldi er notuð við færslu kaupa samstæðunnar á dótturfélögum. Kaupverð er metið sem gangvirði tilgreindra eigna sem látnar eru af hendi, útgefinna eiginfjárgerninga og skulda sem stofnað er til eða teknar eru yfir á viðskiptadegi, auk kostnaðar sem rekja má beint til yfirtökunnar. Aðgreinanlegar eignir og skuldir og skuldbindingar sem eru yfirteknar við sameiningu fyrirtækja eru metnar í upphafi á gangvirði á yfirtökudegi, án tillits til hversu mikil hlutdeild minnihluta er. Sú fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði eignarhluta samstæðunnar í yfirteknum aðgreinanlegum hreinum eignum er skráð sem viðskiptavild.

Viðskipti á milli fyrirtækja, innbyrðis stöður og óinnleystur hagnaður af færslum á milli fyrirtækja samstæðunnar eru felldar niður í samstæðureikningsskilunum. Óinnleyst tap er einnig fellt niður nema viðskiptin gefi vísbendingu um að virði eignarinnar sem var yfirfærð hafi rýrnað. Reikningsskilaaðferðum dótturfélaga hefur verið breytt, þar sem þörf er á, til að tryggja samræmi við aðferðir samstæðunnar.

2.3 Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþáttur tekur til eigna og starfsemi þar sem áhætta og arðsemi er ólík því sem gildir um aðra rekstrarstarfsþætti. Landfræðilegur starfsþáttur heyrir undir tiltekið efnahagsumhverfi ef hann leggur til eignir eða þjónustu með áhættu og arðsemi sem er ólík því sem gildir um starfsþætti í öðru efnahagsumhverfi.

2.4 Umreikningur á erlendum gjaldmiðlum

Starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill

Í reikningsskilum fyrirtækja innan samstæðunnar eru liðir færðir í gjaldmiðli þess efnahagslega umhverfis sem þau starfa í (starfrækslugjaldmiðillinn). Samstæðureikningsskilin eru sett fram í þúsundum evra, sem er bæði starfrækslugjaldmiðill og framsetningargjaldmiðill samstæðunnar.

Viðskipti og stöður

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í starfrækslugjaldmiðilinn með gengi í lok viðskiptadags. Gengishagnaður og -tap vegna uppgjörs slíkra viðskipta og umreikningur peningalegra eigna og skulda í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning á árslok, nema þegar um er að ræða skilgreinda áhættuvörn vegna sjóðstreymisvarna. Þá er gengismunur færður meðal eigin fjár sbr. skýringu 3.2. Gengismunur vegna umreiknings liða sem ekki eru peningalegir, eins og hlutabréfa sem tilgreind eru á gangvirði með breytingum færðum í rekstrarreikning, er færður sem hluti af þessum hreyfingum í rekstrarreikningi.

Samstæðufélög

Afkoma og efnahagur félaga samstæðunnar þar sem starfrækslugjaldmiðill er annar en framsetningargjaldmiðilinn, eru umreiknuð í framsetningargjaldmiðilinn með eftirfarandi hætti:

- (i) eignir og skuldir efnahagsreiknings eru umreiknaðar á árslokagengi
- (ii) liðir rekstrarreiknings eru umreiknaðir á meðalgengi tímabilsins,
- (iii) allar breytingar á gengi sem af þessu leiða eru færðar sem sérgreindur liður meðal eigin fjár.

Viðskiptavild og annað yfirverð vegna kaupa á erlendum dótturfélögum eru meðhöndluð sem eignir og skuldir þeirra og umreiknað á árslokagengi.

2.5 Varanlegir rekstrarfjármunir

Fasteignir og lóðir eru fyrst og fremst verksmiðju- og skrifstofubyggingar. Allir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun að undanskildum lóðum sem færðar eru á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Upphaflegt kostnaðarverð felur í sér kostnað sem rekja má beint til kaupa á þessum eignum.

Kostnaður sem fellur til eftir upphafleg kaup er einungis eignfærður þegar líklegt er að efnahagslegur ávinningur í framtíðinni muni renna til samstæðunnar og unnt er að meta kostnaðarverðið með öruggum hætti. Viðhald og viðgerðir eru gjaldfærð í rekstrarreikning á því tímabili sem til þeirra er stofnað.

Skýringar

Afskriftir eru reiknaðar samkvæmt beinlínuaðferð til þess að gjaldfæra mismun á kostnaðarverði og hrakvirði á áætluðum líftíma eignanna sem hér segir:

Fasteignir	20-40 ár
Verksmiðjuvélar og tæki	5-15 ár
Bifreiðar og annar búnaður	3-8 ár

Meiriháttar endurbætur eru afskrifaðar á líftíma viðkomandi eignar eða þeim tíma sem líður að næstu meiriháttar endurbótum, hvort sem skemur er.

Hrakvirði eigna og nýtingartími er endurskoðað árlega og leiðrétt ef það á við.

Bókfært verð eignar er afskrifað niður í endurheimtanlegt virði ef bókfært verð hennar er hærra (sjá skýringu 2.7).

Söluhagnaður og –tap af rekstrarfjármunum er mismunur á söluverði fjármunar og bókfærðu verði hans á söludegi. Söluhagnaður og –tap er fært í rekstrarreikning. Lántökugjöld og vaxtagjöld eru gjaldfærð þegar þau falla til.

2.6 Óefnislegar eignir

Viðskiptavild.

Viðskiptavild endurspeglar þá fjárhæð kaupverðs sem er umfram gangvirði hluta samstæðunnar í hreinum aðgreinanlegum eignum yfirtekens dótturfélags á yfirtökudegi. Viðskiptavild vegna samruna og kaupa dótturfélaga er hluti af óefnislegum eignum samstæðunnar. Viðskiptavild er metin árlega að teknu tilliti til virðisrýrnunar og er bókfærð á kostnaðarverði að frádregnu uppsöfnuðu virðisrýrnunartapi. Söluhagnaður eða –tap við ráðstöfun dótturfélags innifelur bókfærða fjárhæð viðskiptavildar sem því tengist. Viðskiptavild sem varð til með þessum hætti fyrir 1. janúar 2004 hefur í einhverjum tilvikum verið færð að fullu til lækkunar á eigin fé. Slík viðskiptavild er ekki eignfærð í efnahagsreikningi.

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar í því skyni að meta hana með tilliti til virðisrýrnunar. Virðisrýrnun viðskiptavildar, byggð á virðisrýrnunarprófum í samræmi við IAS-staðal 36, er gjaldfærð í rekstrarreikningi.

Rannsóknar- og þróunarkostnaður

Rannsóknarkostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann verður til. Kostnaður, sem verður til við þróun afurða sem tengist hönnun og prófun nýrra vara, er færður sem óefnisleg eign í efnahagsreikningi þegar líkur eru á að verkefnið skili árangri þ.e. tæknileg geta til þess að ljúka við þróun varanna, sölumöguleikar vörunnar séu til staðar ásamt því að hægt sé að mæla kostnaðinn með ábyggilegum hætti. Annar þróunarkostnaður er gjaldfærður þegar hann verður til. Þróunarkostnaður sem áður hefur verið gjaldfærður er ekki eignfærður síðar. Eignfærður þróunarkostnaður er gjaldfærður á þeim tíma sem áætlaður ávinningur er af henni en að hámarki á 5 árum.

Hugbúnaður

Hugbúnaðarleyfi sem hafa verið keypt eru eignfærð miðað við þann kostnað sem stofnað var til við að kaupa og koma þessum tiltekna hugbúnaði í notkun. Kostnaðurinn er afskrifaður á áætluðum nýtingartíma (þrjú til fimm ár).

Kostnaður sem verður til við þróun og viðhald tölvuhugbúnaðar er gjaldfærður þegar hann verður til. Kostnaður sem beint tengist sérstökum hugbúnaði sem samstæðan á og mun líklega njóta ávinnings af umfram kostnað, þegar til lengra tíma lætur, er eignfærður sem óefnisleg eign. Beinn kostnaður innifelur laun starfsmanna í hugbúnaðarþróun og ákveðinn hluta óbeins kostnaðar.

Aðrar óefnislegar eignir

Kostnaður við öflun einkaleyfa og vörumerkja er eignfærður og afskrifaður með beinlínufskrift á áætluðum endingartíma en að hámarki á 3 árum. Óefnislegar eignir eru ekki endurmetnar sérstaklega.

Skýringar

2.7 Virðisrýrnun eigna

Eignir sem hafa óskilgreindan líftíma og eru ekki afskrifaðar á kerfisbundinn hátt eru metnar árlega með tilliti til virðisrýrnunar. Eignir sem eru afskrifaðar eru skoðaðar með tilliti til virðisrýrnunar þegar breytingar á umhverfi eða atburðir benda til þess að bókfært verð þeirra sé lægra en endurheimtanlegt virði þeirra. Sérstök niðurfærsla er færð ef endurheimtanlegt virði þeirra, sem er hærra af nettó söluverði og notkunarvirði, er lægra en kostnaðarverð þeirra að frádregnum afskriftum. Í virðisrýrnunarprófi eru eignir flokkaðar eins og mögulegt er svo hægt sé að mæla áætlað sjóðstreymi þeirra.

2.8 Fjárfestingar

Frá 1. janúar 2004 til 31. desember 2004

Eignarhlutir í öðrum félögum innifela eignarhluti í öðrum félögum en dótturfélögum. Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði að frádreginni niðurfærslu vegna virðisrýrnunar.

Frá 1. janúar 2005

Samstæðan flokkar fjárfestingar sínar í kröfur og fjárfestingar sem haldið er til sölu. Flokkunin tekur mið af tilgangi fjárfestinganna. Stjórnendur ákveða flokkun fjárfestinganna á kaupdegi og endurskoða reglulega.

Kröfur

Kröfur eru fjáreignir með skilgreindum gjalddögum og eru ekki skráðar á virkum markaði og ekki stendur til að selja þær. Þær eru meðal veltufjármuna nema samið sé um gjalddaga sem er síðar en 12 mánuði frá dagsetningu efnahagsreiknings. Kröfur eru innifaldar meðal viðskiptakrafna og fyrirframgreiðslna í efnahagsreikningi (sjá skýringu 2.11).

Fjárfestingar sem haldið er til sölu

Fjárfestingar haldið til sölu eru ekki afleiður og hafa ekki verið skilgreindar sem fjáreignir á gangvirði í gegnum rekstrarreikning. Þær eru færðar meðal fastafjármuna nema stjórnendur ætli sér að selja þær innan 12 mánaða frá dagsetningu efnahagsreiknings.

Kaup og sala fjárfestinga eru færð á viðskiptadegi sem er sá dagur sem samstæðan skuldbindur sig til að kaupa eða selja fjárfestingar. Viðskiptakostnaður er innifalinn í kaupverði. Fjárfestingar til sölu eru eftir það bókfærðar á gangvirði. Fjárfestingar eru færðar út úr efnahagsreikningi þegar réttindi til sjóðstreymis þeirra eru útrunnin eða þegar samstæðan hefur flutt áhættu og ávinning af fjárfestingunni. Óinnleystur hagnaður/tap af fjárfestingum sem flokkaðar eru sem fjárfestingar til sölu er færður meðal eigin fjár. Gangvirði fjárfestinga er byggt á tilboðsverðum eða sjóðstreymislíkönun. Gangvirði óskráðra hlutabréfa er áætlað út frá verði/hagnaði eða verði/sjóðstreymiskennitölum sem endurspeglar umhverfi útgefandans. Þar sem ekki er hægt að mæla verðmæti óskráðra hlutabréfa með ábyggilegum hætti, eru þau bókfærð á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun. Þegar fjárfestingaverðbréf eru seld eða færð niður, færast uppsöfnuð áhrif sem áður höfðu verið færð yfir eigið fé til tekna eða gjalda í rekstrarreikningi.

Gangvirði skráðra fjárfestinga er byggt á gildandi tilboðsverði. Ef markaðurinn fyrir fjáreign er ekki virkur (og fyrir óskráð verðbréf) ákvarðar samstæðan gangvirði með því að nota sérstakar matsaðferðir. Meðal þeirra er notkun nýlegra viðskipta ótengdra aðila, tilvísun til annarra gerninga sem eru efnislega þeir sömu, núvirt greining á sjóðstreymi og verðmyndunarlíkön fyrir vilnun sem eru sérsniðin til að endurspeglar sérstakar aðstæður útgefandans.

Á sérhverri dagsetningu efnahagsreiknings metur samstæðan hvort fyrir hendi séu hlutlægar vísbendingar um að fjáreign eða flokkur fjáreigna hafi rýrnað í virði. Þegar um er að ræða hlutabréfatengd verðbréf sem er haldið til sölu er tekið tillit til verulegrar lækkunar eða lækkunar til lengri tíma á gangvirði verðbréfsins sem er lægra en kostnaðarverð þess þegar ákvarðað er hvort verðmæti bréfanna hafi lækkað. Ef einhver slík vísbending er fyrir hendi að því er varðar fjáreignir sem haldið er til sölu er uppsafnað tap - metið sem mismunurinn á kostnaðarverði kaupanna og gildandi gangvirðis að frádregnu öllu virðisrýrnunartapi af þessari fjáreign sem var áður fært í rekstrarreikning - fjarlægð úr eigin fé og fært í rekstrarreikning. Virðisrýrnunartöp af eiginfjárgerningum sem færð eru í rekstrarreikning eru ekki bakfærð í gegnum rekstrarreikning.

Skýringar

2.9 Birgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði eða dagverði sé það lægra. Kostnaðarverð ákvarðast samkvæmt fyrst inn, fyrst út aðferð (FIFO). Kostnaðarverð fullunninna vara og vara í vinnslu samanstendur af efni, beinum launum, öðrum beinum kostnaði og óbeinum framleiðslukostnaði en ekki vaxtakostnaði. Dagverð er áætlað söluverð að frádrögnum kostnaði við að ljúka við framleiðslu varanna og sölukostnaði. Innifalið í kostnaðarverðmæti birgða eru áhrif gengisvarna af eigin fé vegna innkaupa á birgðum. Niðurfærsla er færð á móti vörum sem hreyfast hægt.

2.10 Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun (verksamningar)

Framleiðslukostnaður er færður þegar hann er áfallinn.

Þegar ekki er hægt að áætla rekstrarleg áhrif af vörum í framleiðslu með ábyggilegum hætti, eru tekjur færðar að því marki sem áfallinn kostnaður stendur í og líklegt að fáist til baka.

Þegar hægt er að áætla rekstrarleg áhrif af vörum í framleiðslu með ábyggilegum hætti, eru tekjur og gjöld færð samkvæmt áfangaaðferð. Áfangi er mældur með því að taka hlutfall framleiðslukostnaðar af áætluðum heildarkostnaði við verk. Þegar líklegt er talið að heildarkostnaður við verk fari framúr heildartekjum er áætlað tap gjaldfært strax.

Samstæðan notar áfangaaðferðina til þess að ákvarða hversu mikið skuli tekjufæra og gjaldfæra á tímabilinu. Áfangi er mældur með hliðsjón af áföllum kostnaði á reikningsskiladegi sem hlutfall af áætluðum heildarkostnaði við viðkomandi verk. Kostnaði sem verður til vegna framtíðaratburða vegna verksins er haldið fyrir utan þegar ákvarðað er hversu langt verk er komið. Sá kostnaður er settur fram sem birgðir, fyrirframgreiddur kostnaður eða aðrar eignir eftir eðli útgjaldanna.

Samstæðan dregur frá áföllum verkkostnaði og innleystum hagnaði innborganir frá viðskiptavinum. Ef innborganir eru lægri en sem nemur verkkostnaði og innleystum hagnaði þá kemur fjárhæðin fram eignamegin í efnahagsreikningi.

Samstæðan sýnir sem skuld ef innborganir viðskiptavina eru hærri fjárhæð en nemur áföllum verkkostnaði og innleystum hagnaði af verkum.

2.11 Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur

Viðskiptakröfur eru færðar í upphafi á gangvirði og síðan metnar á afskrifuðu kostnaðarverði með því að nota virku vaxtaaðferðina að frádrögnum niðurfærslum vegna virðisrýrnunar. Niðurfærsla vegna virðisrýrnunar viðskiptakrafna er ákvörðuð þegar fyrir hendi er hlutlæg vísbending um að samstæðan muni ekki geta innheimt allar gjaldfallnar fjárhæðir samkvæmt upphaflegum skilmálum viðskiptakrafnanna. Fjárhæð niðurfærslunnar er mismunurinn á bókfærðu verði eignarinnar og gjaldandi virði áætlaðs sjóðstreymis í framtíðinni, núvirt miðað við raunvaxtastig. Breyting á fjárhæð niðurfærslunnar er færð í rekstrarreikninginn.

Skýringar

2.12 Handbært fé og ígildi þess

Handbært fé og ígildi þess innfelur reiðufé, inneignir í bönkum, aðrar skammtímafjárfestingar sem er auðvelt að skipta í reiðufé og eru með binditíma sem er innan við þrjú mánuðir. Yfirdráttur í banka er sýndur í lántöku meðal skammtímaskulda í efnahagsreikningi.

2.13 Hlutfé

Almennir hlutir eru flokkaðir sem eigið fé.

Ef eitthvert félag samstæðunnar kaupir eigið hlutfé félagsins (eigin hlutabréf) er endurgjaldið sem greitt er, að meðtöldum öllum viðbótarkostnaði sem rekja má beint til kaupanna (að frádregnum tekjusköttum), dregið frá eigin fé þar til hlutirnir eru afskrifaðir, endurútgefnir eða þeim ráðstafað. Þegar slíkir hlutir eru síðan seldir eða endurútgefnir er hvers kyns endurgjald sem móttakið er, að frádregnum öllum viðbótarkostnaði við viðskiptin sem má rekja beint til kaupanna og tengdra áhrifa vegna tekjuskatta, innifalið í eigin fé.

2.14 Lántökur

Lántaka er færð í upphafi á gangvirði. Allur lántökukostnaður er gjaldfærður um leið og hann fellur til.

Lántaka er flokkuð sem skammtímaskuldir nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu efnahagsreiknings.

2.15 Frestaðir tekjuskattar

Frestaður tekjuskattur er færður að fullu til skuldar sem tímabundinn mismunur milli skattverðs eigna og skulda og bókfærðra fjárhæða þeirra í samstæðureikningsskilunum. Frestaður tekjuskattur er hins vegar ekki færður ef hann myndast vegna upphaflegrar færslu eignar eða skuldar í öðrum viðskiptum en sameiningu fyrirtækja sem hefur hvorki áhrif á reikningshaldslegan né skattskyldan hagnað eða tap. Frestaður tekjuskattur er ákvarðaður með því að nota skatthlutföll sem hafa verið lögleidd eða efnislega lögleidd fyrir dagsetningu efnahagsreiknings og vænst er að verði í gildi þegar viðkomandi frestuð skattinneign er innleyst eða frestuð tekjuskattskuldbinding er gerð upp.

Frestaðar skattinneignir eru færðar að því marki sem líklegt er að unnt verði að nýta tímabundna mismuni á móti skattalegum framtíðarhagnaði.

Frestaður tekjuskattur sem er til kominn vegna tímabundins mismunar tengdum fjárfestingum í dótturfélögum er færður í samstæðureikningsskilin. Það er þó ekki gert þegar samstæðan ræður tímasetningu viðsnúnings tímabundins mismunar og líklegt er að hann muni ekki snúast við í fyrirsjáanlegri framtíð.

2.16 Starfsmannasamningar

Kaupréttarsamningar

Starfsmönnum voru veittir kaupréttir á árinu 2001. Kaupréttir voru veittir á markaðsverði hlutabréfanna á þeim tíma og nýtanlegir á því verði. Kaupréttir eru nýtanlegir einu ári eftir að þeir voru veittir í samtals sex ár. Í samræmi við IFRS 2 kemur ekki til gjaldfærslu vegna kaupréttarsamninga þar sem kaupréttir voru veittir fyrir 7. nóvember 2002.

Ágóðahlutir og bónusgreiðslur

Undir vissum kringumstæðum er færð skuldbinding vegna lykilstarfsmanna vegna áunninna réttinda til ágóðahluta. Til þess að svo sé þarf eftirfarandi skilyrði að vera uppfyllt:

– það liggur fyrir formleg ákvörðun um greiðslu ákveðinnar fjárhæðar og ákvörðunin er tekin áður en reikningsskilin eru gefin út.

Kostnaður vegna ágóðahluta og bónusgreiðslna sem verður væntanlega greiddur á næstu 12 mánuðum og er færður á þeirri fjárhæð sem líklegt er að komi til greiðslu.

Skýringar

2.17 Aðrar skuldbindingar

Aðrar skuldbindingar eru færðar þegar samstæðan hefur tekið á sig skuldbindingu vegna liðinna atburða, líkur eru taldar á að til greiðslu þeirra komi og hægt er að mæla þær með ábyggilegum hætti. Samstæðan veitir ábyrgð á vissum vörum og skuldbindur sig til þess að gera við vörur sem vinna ekki með eðlilegum hætti.

2.18 Innlausn tekna

Tekjur í rekstrarreikningi samanstanda af reikningsfærðri sölu á vöru og þjónustu að frádregnum virðisaukaskatti, afsláttum og innbyrðis viðskiptum milli samstæðufélaga. Tekjur af vörusölu eru færðar þegar eignarréttur og áhætta hefur færst yfir til kaupanda. Tekjur af vörum í framleiðslu samkvæmt pöntunum eru færðar samkvæmt áfangaaðferð.

Vaxtatekjur eru færðar hlutfallslega miðað við tíma með aðferð virkra vaxta. Þegar krafa hefur rýnað að virði lækkar samstæðan bókfærða fjárhæð niður að innheimtanlegri fjárhæð, en hún er áætlað framtíðarsjóðstreymi afvaxtað á upphaflegri ávöxtunarkröfu gerningsins og heldur áfram að lækka afvöxtunina sem vaxtatekjur. Vaxtatekjur af virðisrýnuðum lánnum eru færðar eftir því sem greiðslur berast.

Arðstekjur eru tekjufærðar þegar ákvörðun aðalfundar um arðgreiðslu í viðkomandi félögum liggur fyrir.

2.19 Leigusamningar

Leiga á varanlegum rekstrarfjármunum þar sem samstæðan nýtur næstum alls ávinnings og ber næstum alla áhættu á leigumun er flokkuð sem kaupleiga. Kaupleiga er færð til eignar við upphaf leigutíma á gangvirði leigumunar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna hvort sem lægra er. Hverri leigugreiðslu er skipt milli leiguskuldar og vaxtagjalda. Jafnframt hefur leiguskuld við leigusala, að frádregnum vöxtum, verið færð meðal annarra langtímaskulda. Vaxtahluti leigugreiðslunnar er gjaldfærður í rekstrarreikningi á leigutíma til þess að sýna stöðugt vaxtahlutfall af eftirstöðvum leiguskuldar í lok hvers tímabils. Varanlegir rekstrarfjármunir sem keyptir eru á kaupleigu eru afskrifaðir á nýtingartíma eða leigusamningstíma, hvort sem skemmra reynist.

Leigusamningar þar sem leigusali heldur verulegum hluta áhættu og ávinnings vegna eignarhalds eru flokkaðir sem rekstrarleiga. Greiðslur sem inntar eru af hendi samkvæmt rekstrarleigu (að frádregnum öllum hvatagreiðslum mótteknum frá leigusala) eru gjaldfærðar í rekstrarreikning línulega á leigutímanum.

2.20 Arðsúthlutun

Úthlutun arðs til hluthafa félagsins er færður sem skuld í reikningsskil samstæðunnar á því tímabili sem hluthafar félagsins samþykkja arðgreiðslurnar.

Skýringar

3. Fjárhagsáhættustjórnun

3.1 Fjárhagsáhættuþættir

Samstæðan starfar í umhverfi með ýmis konar fjárhagsáhættu: markaðsáhættu (þ.m.t. gjaldmiðlaáhættu, vaxtaáhættu vegna gangvirðis og verðáhættu), lánsáhættu, lausafjáráhættu og áhættu vegna vaxtastigs sjóðstreymis. Heildaráætlun samstæðunnar um áhættustjórnun beinist fyrst og fremst að ófyrirséðri hegðun fjármálamarkaða og með henni er reynt draga sem mest úr hugsanlegum slæmum áhrifum á rekstrarárangur samstæðunnar. Samstæðan notar afleidda fjármálagerninga sem áhættuvörn gagnvart tiltekinni áhættu sem hún stendur frammi fyrir. Framkvæmd áhættustjórnunar fer fram til samræmis við stefnu sem stjórn félagsins hefur samþykkt.

(a) Markaðsáhætta

(i) Áhætta vegna erlendra gjaldmiðla

Samstæðan er með alþjóðlega starfsemi og býr við ýmsa áhættu vegna erlendra gjaldmiðla sem stafar af ýmiss konar gjaldmiðlaáhættu, einkum gagnvart evrum. Rekstrareiningar innan samstæðunnar nota framvirka samninga í viðskiptum sem fjármálastjórn samstæðunnar sér um, í því skyni að stjórna áhættu vegna erlendra gjaldmiðla sem stafar af framtíðarverslunarviðskiptum, færðum eignum og skuldbindingum. Áhætta vegna erlendra gjaldmiðla myndast þegar framtíðarverslunarviðskipti, færðar eignir og skuldbindingar eru ákveðnar í gjaldmiðli sem er ekki sá gjaldmiðill sem rekstrareiningin notar.

(ii) Verðáhætta

Samstæðan stendur frammi fyrir áhættu af hlutabréfatengdum verðbréfum vegna fjárfestinga sem eru í eigu samstæðunnar sem eru flokkaðar í efnahagsreikningi samstæðunnar sem haldið til sölu á gangvirði í rekstrareikningi.

(b) Útlánaáhætta

Samstæðan hefur ekki verulega uppsafnaða útlánaáhættu. Hún hefur stefnu sem tryggir að sala vöru í heildsölu fer fram til viðskiptamanna með viðeigandi lánasögu. Stefna samstæðunnar er að takmarka hversu mikil lánsáhættan er gagnvart sérhverri fjármálastofnun.

(c) Greiðsluhæfisáhætta

Varfærin stjórnun á greiðsluhæfisáhættu felur í sér að viðhalda nægu handbæru fé og markaðshæfum verðbréfum, að fjármagn sé tiltækt með hæfilega mikilli skuldbundinni lánaþyrngreiðslu og getu til að jafna markaðsstöður. Vegna hreyfanleika í eðli fyrirtækjanna sem liggja til grundvallar stefnir fjármálastjórn samstæðunnar að því að viðhalda sveigjanleika í fjármögnun með því að hafa skuldbundnar lánaráðstafanir tiltækar.

(d) Sjóðstreymi og vaxtastigsáhætta vegna gangvirðis

Tekjur samstæðunnar og sjóðstreymi eru að mestu óháðar breytingum á markaðsvöxtum hverju sinni. Vaxtakjör vegna kaupleigusamninga eru fest við upphaf þeirra samninga. Vaxtaáhætta samstæðunnar stafar af lántöku til langs tíma. Lántaka sem er veitt á breytilegum vöxtum gerir samstæðuna berskjaldaða gagnvart vaxtaáhættu vegna sjóðstreymis. Lántaka sem er veitt með föstum vöxtum gerir samstæðuna berskjaldaða gagnvart vaxtaáhættu vegna gangvirðis. Stefna samstæðunnar er að halda u.þ.b. 40-50% af lántöku sinni í gæmingum með föstu vaxtastigi.

Samstæðan stjórnar vaxtaáhættu sinni vegna sjóðstreymis með því að nota skiptasamninga með breytilegum vöxtum sem breyta má í fasta vexti. Slíkir vaxtaskiptasamningar hafa þau efnahagslegu áhrif að breyta lántöku úr breytilegum vöxtum yfir í fasta vexti. Yfirleitt er lántaka samstæðunnar til langs tíma á breytilegum vöxtum og hún skiptir þeim yfir í fasta vexti sem eru sambærilegir og þeir sem fánlegir væru ef samstæðan tæki lán á föstum vöxtum beint. Samkvæmt vaxtaskiptasamningum samþykkir samstæðan, ásamt öðrum aðilum, með reglulegu milli (3ja mánaða fresti) að eiga viðskipti með mismuninn á föstum samningsvöxtum og breytilegum vaxtafjárhæðum sem reiknaðar eru með tilliti til helstu grundvallarfjárhæða sem samþykktar eru.

Skýringar

3.2 Færsla afleiddra fjármálagerna og áhættuvarnartækja

Frá 1. janúar til 31. desember 2004

Afleiður eru flokkaðar annaðhvort með áhættuvörn eða ekki. Viðskipti sem uppfylla skilyrði fyrir áhættuvörn samkvæmt stefnu samstæðunnar í áhættustjórnun eru færð sem áhættuvörn en önnur viðskipti sem eru sett upp sem áhættustýringartæki en uppfylla ekki skilyrði, eru færð í rekstrarreikning. Samstæðan færir afleiður á kostnaðarverði. Hagnaður eða tap af afleiðuviðskiptum er færður í rekstrarreikning við lok undirliggjandi samninga þegar það á við.

Í gjaldmiðlaskiptasamningum sem eru skilgreindir sem áhættuvarnartæki er yfirverð (afföll) sem myndast vegna gengis við upphaf samningsins og lok hans færður línulega í rekstrarreikning meðal vaxtagjalda á gildistíma samningsins.

Í vaxtaskiptasamningum sem eru skilgreindir sem áhættuvarnartæki, er áfallinn vaxtamunur færður í rekstrarreikning meðal vaxtagjalda en áhrif áhættuvarnarinnar færð á móti.

Frá 1. janúar 2005 og eftirleiðis

Afleiður eru upphaflega færðar á gangvirði á þeim degi sem afleiðusamningurinn er gerður og er endurmetinn eftir það á gangvirði þeirra. Sú aðferð sem notuð er til að færa ágóða eða tap sem af þessu hlýst fer eftir því hvort afleiðan er skilgreind sem áhættuvarnartæki og ef svo er fer hún eftir því hvers eðlis liðurinn er sem verið að verja gegn áhættu. Samstæðan skilgreinir tiltekna afleiður sem annaðhvort: áhættuvarnir vegna gangvirðis færðra eigna og skulda eða föst skuldbinding (áhættuvörn gangvirðis); eða áhættuvarnir vegna mjög líklegra viðskipta sem spáð hefur verið (áhættuvarnir vegna sjóðstreymis).

Við upphaf viðskiptanna skráir samstæðan sambandið milli áhættuvarnartækisins og þeirra liða sem verið er að verja gegn áhættu og einnig markmið hennar í áhættustjórnun og stefnu varðandi ýmis áhættuvarnarviðskipti. Samstæðan skráir einnig, bæði við upphaf áhættuvarnarinnar og stöðugt eftir það, mat sitt á því hvort afleiðurnar sem notaðar eru í áhættuvarnarviðskiptum beri árangur við jöfnun breytinga á gangvirði eða sjóðstreymi liða sem eru áhættuvarðir.

Gangvirði ýmissa afleiðugerna sem notaðir eru til að verja gegn áhættu er tilgreint í skýringu 19. Hreyfingar í varasjóði áhættuvarna í eigin fé eru sýndar í skýringu 27.

Áhættuvörn vegna sjóðstreymis

Sá hluti breytinga sem verður í raun á gangvirði afleiða sem eru skilgreindar sem áhættuvarnir vegna sjóðstreymis og uppfylla skilyrði sem slíkar eru færðar í eigin fé. Ágóði eða tap sem tengist þeim hluta sem ekki hefur áhrif er strax færður í rekstrarreikning.

Fjárhæðir sem eru uppsafnaðar í eigin fé eru færðar í rekstrarreikninginn á tímabilum þegar áhættuvarði liðurinn mun hafa áhrif á hagnað eða tap (t.d. þegar salan sem spáð var og er áhættuvarin fer fram). Þegar viðskiptin sem spáð var sem eru áhættuvarin hafa í för með sér færslu annarrar eignar en fjárhagslegrar (t.d. birgða) eða skuldar, er ágóðinn og tapið sem áður var fært sem frestað meðl eigin fjár yfirfært frá eigin fé og talið með í upphaflegu mati á kostnaðarverði eignarinnar eða skuldarinnar.

Þegar áhættuvarnartæki fellur úr gildi eða er selt eða þegar áhættuvörn uppfyllir ekki lengur skilyrði um áhættuvarnarreikningsskil helst allur uppsafnaður ágóði eða tap sem er fyrir hendi í eigin fé á þeim tíma áfram í eigin fé og er færður þegar viðskiptin sem spáð var eru að lokum færð í rekstrarreikninginn. Þegar þess er ekki lengur vænst að viðskipti sem spáð var verði gerð er uppsafnaður ágóði eða tap sem skráð var í eigin fé strax yfirfært í rekstrarreikninginn.

Skýringar

3.3 Mat á gangvirði

Gangvirði fjármálagerna sem viðskipti eru með á virkum mörkuðum (s.s. afleiður á almennum markaði og verðbréf sem haldið er í viðskiptaskyni eða er haldið til sölu) er byggt á skráðu markaðsverði á dagsetningu efnahagsreiknings. Skráð markaðsverð sem er notað að því er varðar fjáreignir sem eru í eigu samstæðunnar er gildandi kaupsverð. Viðeigandi skráð markaðsverð fjárskulda er gildandi söliverð.

4. Mikilvæg atriði sem varða reikningshaldslegt mat

Skráning eigna og skulda með tilliti til næsta fjárhagsárs er byggð á mati samstæðunnar. Stöðugt er farið yfir slíkt mat með hliðsjón af reynslu og öðrum þáttum svo sem framtíðarvæntingum sem taldar eru eðlilegar miðað við aðstæður. Slíkt reikningshaldslegt mat er í eðli sínu sjaldan nákvæmlega í samræmi við raunverulega niðurstöðu.

5. Yfirfærsla í alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS)

5.1 Grundvöllur yfirfærslu

5.1.1 Beiting IFRS staðals 1

Samstæðuársreikningur þessi eru fyrstu reikningsskilin sem gerð eru í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS) hjá Marel. Samstæðuársreikningurinn er gerður í samræmi við þann grundvöll sem lýst er í skýringu nr. 2.1. Við gerð ársreikningsins og yfirfærslu reikningsskila í alþjóðlega reikningsskilastaðla var beitt alþjóðlegum reikningsskilastaðli IFRS 1 um upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla í fyrsta sinn.

Yfirfærsludagur reikningsskila Marel til IFRS er 1. janúar 2004 og gerir samstæðan opnunarefnahagsreikning sinn miðað við þann dag. Reikningsskil þessi miðast við 31. desember 2005. Upptökudagur IFRS er 1. janúar 2005.

Samstæðunni ber að meta allar eignir og skuldir afturvirktil til samræmis við IFRS 1. Samstæðan hefur ákveðið að beita undanþáguákvæðum í IFRS 1, sbr. 5.1.2 og 5.1.3.

5.1.2 Undanþágur sem valkvætt er að fylgja

Marel hefur ákveðið að beita eftirfarandi undanþágum í IFRS frá afturvirkni mati og framsetningu á eignum og skuldum.

(a) Sameiningar fyrirtækja

Marel hefur ekki gert leiðréttingar vegna sameininga og kaupa á dótturfélögum sem áttu sér stað fyrir 1. janúar 2004.

(b) Gangvirði varanlegra rekstrarfjármuna sem bókfært verð

Marel hefur ákveðið að meta ákveðna liði meðal varanlegra rekstrarfjármuna á gangvirði 1. janúar 2004.

(c) Umreikningsmunur vegna dótturfélaga

Marel hefur ákveðið að núllstilli umreikningsmismun eins og hann stóð 1. janúar 2004. Þessari undanþágu hefur verið beitt á öll dótturfélög til samræmis við IFRS 1.

(d) Samanburðarfjárhæðir vegna IAS 32 og IAS 39.

Marel beitir fyrri reikningsskilaaðferðum á afleiður, fjáreignir og áhættuvarnir í samanburðarfjárhæðum 2004. Leiðréttingar vegna mismunar á fyrri reikningsskilaaðferðum og IAS 32/39 eru færðar yfir eigið fé 1. janúar 2005.

Skýringar

(e) Endurflokkun fjáreigna

Marel endurflokkaði ýmis verðbréf sem fjárfestingar til sölu.

(f) Kaupréttarsamningar

Samstæðan hefur ákveðið að beita undanþáguákvæði varðandi meðferð á kaupréttarsamningum. Samstæðan beitir IFRS 2 frá 1. janúar 2004 á þá kauprétti sem eru veittir eftir 7. nóvember 2002 en hafa ekki áunnist 1. janúar 2005.

5.1.3 Undanþágur sem ber að fylgja

Marel hefur fylgt eftirfarandi undanþágum

(a) Afskráning fjáreigna

Fjáreignir og fjárskuldir sem afskráðar voru fyrir 1. janúar 2004 eru ekki endurskráðar samkvæmt IFRS. Beiting undanþágunnar að leiðrétta ekki samanburðarfjárhæðir sem tengjast IAS-staðli 32 og 39 þýðir að samstæðan skilgreinir frá 1. janúar 2005 fjáreignir og fjárskuldir sem voru afskráðar eftir 1. janúar 2004 og uppfylltu ekki ákvæði IAS-staðals 39 um afskráningu fjáreigna. Samstæðan ákvað að beita ekki ákvæði IAS staðals 39 um afskráningu á tímabili á undan þeirri dagssetningu.

(b) Reikningshaldslegt mat

Reikningshaldslegt mat samkvæmt IFRS miðað við 1. janúar 2004 skal vera til samræmis við það mat sem átti sér stað samkvæmt fyrri reikningsskilaaðferðum nema vísbendingar séu um að það mat hafi verið rangt.

5.2 Breytingar milli IFRS og fyrri reikningsskila

Eftirfarandi skýringar sýna áhrif þess á Marel að færa sig úr fyrri reikningsskilum yfir í IFRS. Fyrsta skýringin sýnir áhrif þess á eigið fé 1. janúar 2004 og 31. desember 2004. Skýringarnar sem fylgja á eftir skýra nánar frá einstökum atriðum:

a) Eigið fé 1. janúar 2004 og 31. desember 2004

b) Hagnaður 2004

c) Eigið fé 1. janúar 2005

5.2.1 Samantekt áhrifa á eigið fé

	1/1 2004	31/12 2004
Eigið fé samkvæmt fyrri reikningsskilum	25.167	27.691
Eignfærsla vöruþróunarkostnaðar	4.469	5.491
Bakfærð afskrift viðskiptavildar		282
Varanlegir rekstrarfjármunir/óefnislegar eignir - virðisryrnunartap og breytingar á afskriftaraðferðum	(298)	(53)
Breyting á verðmati birgða	(1.000)	(1.103)
Tekjuskattsáhrif	(482)	(713)
Eigið fé samkvæmt IFRS	27.856	31.595

Leiðréttingar vegna álagðra skatta frá fyrri árum skv. eiginfjárfirliti og skýringu 2.1. eru dregnar frá eigin fé eins og það hefur verið birt í árrshlutareikningsskilum ársins 2005. Þar af leiðandi er eigið fé 31. desember 2004 27.691 í stað 29.359.

Skýringar

5.2.2 Breytingar á eigin fé 1. janúar 2004

Eignir	Fyrri reikningsskil	Áhrif breytinga yfir í IFRS	IFRS
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	32.812	(298)	32.514
Viðskiptavild	3.408		3.408
Aðrar óefnislegar eignir	1.074	4.469	5.543
Eignarhlutir í öðrum félögum	753		753
Frestaðar tekjuskattsinneignir	1.035	244	1.279
	<u>39.082</u>	<u>4.415</u>	<u>43.497</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	16.693	(1.000)	15.693
Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun	6.064		6.064
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur	14.768		14.768
Handbært fé	4.727		4.727
	<u>42.252</u>	<u>(1.000)</u>	<u>41.252</u>
Eignir samtals	<u>81.334</u>	<u>3.415</u>	<u>84.749</u>
Eigið fé			
Hlutfé	2.637		2.637
Eigin hlutabréf	(48)		(48)
Yfirverðsreikningur hlutafjár	10.794		10.794
Varasjóðir	(1.196)	1.196	0
Óráðstafað eigið fé	12.980	1.493	14.473
Eigið fé samtals	<u>25.167</u>	<u>2.689</u>	<u>27.856</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Lántökur	30.889		30.889
Frestaðar tekjuskattskuldbindingar	726	726	1.452
	<u>31.615</u>	<u>726</u>	<u>32.341</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	14.309		14.309
Ógreiddir skattar	611		611
Lántökur	9.141		9.141
Aðrar skuldbindingar	491		491
	<u>24.552</u>	<u>0</u>	<u>24.552</u>
Skuldir samtals	<u>56.167</u>	<u>726</u>	<u>56.893</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>81.334</u>	<u>3.415</u>	<u>84.749</u>

Skýringar

5.2.3 Breytingar á eigin fé 31. desember 2004

Eignir	Fyrri reikningsskil	Áhrif breytinga yfir í IFRS	IFRS
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	31.792	55	31.847
Viðskiptavild	7.687	174	7.861
Aðrar óefnislegar eignir	869	5.491	6.360
Eignarhlutir í öðrum félögum	753		753
Langtímakröfur	92		92
Frestaðar tekjuskattsinneignir	1.020	314	1.334
	<u>42.213</u>	<u>6.034</u>	<u>48.247</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	22.269	(1.103)	21.166
Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun	5.859		5.859
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur	15.844		15.844
Handbært fé	4.366		4.366
	<u>48.338</u>	<u>(1.103)</u>	<u>47.235</u>
Eignir samtals	<u>90.551</u>	<u>4.931</u>	<u>95.482</u>
Eigið fé			
Hlutfé	2.637		2.637
Eigin hlutabréf	(75)		(75)
Yfirverðsreikningur hlutfjár	9.059		9.059
Varasjóðir	(1.450)	1.042	(408)
Óráðstafað eigið fé	17.520	2.862	20.382
Eigið fé samtals	<u>27.691</u>	<u>3.904</u>	<u>31.595</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Lántökur	31.442		31.442
Frestaðar tekjuskattsskuldbindingar	2.322	1.027	3.349
	<u>33.764</u>	<u>1.027</u>	<u>34.791</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	21.118		21.118
Ógreiddir skattar	328		328
Lántökur	7.024		7.024
Aðrar skuldbindingar	626		626
	<u>29.096</u>	<u>0</u>	<u>29.096</u>
Skuldir samtals	<u>62.860</u>	<u>1.027</u>	<u>63.887</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>90.551</u>	<u>4.931</u>	<u>95.482</u>

Skýringar

5.2.4 Breytingar á eigin fé 1. janúar 2005

Eignir	IFRS	Áhrif	IFRS
	31/12 2004	upptöku IAS 32 og 39	1/1 2005
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	31.847		31.847
Viðskiptavild	7.861		7.861
Aðrar óefnislegar eignir	6.360		6.360
Eignarhlutir í öðrum félögum	753	(753)	0
Fjárfestingar til sölu	0	753	753
Langtímakröfur	92		92
Frestaðar tekjuskattsinneignir	1.334		1.334
	<u>48.247</u>	<u>0</u>	<u>48.247</u>
Veltufjármunir			
Birgðir	21.166		21.166
Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun	5.859		5.859
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur	15.844	(190)	15.654
Afleiðusamningar	0	190	190
Handbært fé	4.366		4.366
	<u>47.235</u>	<u>0</u>	<u>47.235</u>
Eignir samtals	<u>95.482</u>	<u>0</u>	<u>95.482</u>
Eigið fé			
Hlutafé	2.637		2.637
Eigin hlutabréf	(75)		(75)
Yfirverðsreikningur hlutafjár	9.059		9.059
Varasjóðir	(408)		(408)
Óráðstafað eigið fé	20.382		20.382
Eigið fé samtals	<u>31.595</u>	<u>0</u>	<u>31.595</u>
Skuldir			
Langtímaskuldir			
Lántökur	31.442		31.442
Frestaðar tekjuskattsskuldbindingar	3.349		3.349
	<u>34.791</u>	<u>0</u>	<u>34.791</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	21.118		21.118
Ógreiddir skattar	328		328
Lántökur	7.024		7.024
Aðrar skuldbindingar	626		626
	<u>29.096</u>	<u>0</u>	<u>29.096</u>
Skuldir samtals	<u>63.887</u>	<u>0</u>	<u>63.887</u>
Eigið fé og skuldir samtals	<u>95.482</u>	<u>0</u>	<u>95.482</u>

Skýringar

5.2.5 Breytingar á rekstrarreikningi ársins 2004

	Fyrri reikningsskil	Áhrif breytinga yfir í IFRS	IFRS
Sala	112.301		112.301
Kostnaðarverð seldra vara	(71.486)	201	(71.285)
Framlegð	40.815	201	41.016
Aðrar rekstrartekjur	598		598
Sölu- og markaðskostnaður	(14.195)	307	(13.888)
Rannsóknar- og þróunarkostnaður	(7.457)	915	(6.542)
Stjórnunarkostnaður	(9.165)	47	(9.118)
Rekstrarhagnaður	10.596	1.470	12.066
Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur	(1.879)	111	(1.768)
Hagnaður fyrir skatta	8.717	1.581	10.298
Tekjuskattur	(2.024)	(212)	(2.236)
Eignarskattur	(78)		(78)
Hagnaður ársins / tímabilsins	6.615	1.369	7.984

Skýringar á áhrifum breytinga yfir í alþjóðlega reikningsskilastaðla (IFRS)

Þann 4. apríl 2005 sendi Marel út fréttatilkynningu þar sem félagið skýrði áhrif af innleiðingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla. Hér á eftir er gerð grein fyrir helstu atriðum sem hafa áhrif á rekstrar- og efnahagsreikning Marel:

Vöruþróunarkostnaður

Í samræmi við IAS 38 ber fyrirtækjum er stunda rannsóknir og vöruþróun að eignfæra þann kostnað er rekja má til vara er uppfylla tiltekin skilyrði og eru líklegar til að skila framtíðartekjum. Marel hefur hingað til gjaldfært nánast allan vöruþróunarkostnað. Á síðastiðnum 5 árum (2000 – 2004) hefur þessi kostnaður að jafnaði numið um 6% af rekstrartekjum samstæðunnar.

Áhrif breytinganna á rekstrarreikning ársins 2004 eru þau að gjaldfærð vöruþróun lækkar úr 7,5 milljónum evra í 6,5 milljónir. Meðal óefnislegra eigna í endurmetnum efnahagsreikningi 31. desember 2004 er eignfærð vöruþróun sem nemur 6,0 milljónum evra.

Viðskiptavild

Viðskiptavild sem varð til vegna kaupa á fyrirtækjum fyrir 1. janúar 2004 hefur verið færð til gjalda og/eða til lækkunar á eigin fé á kaupári. Viðskiptavild eftir það hefur verið eignfærð og afskrifuð að hámarki á 20 árum. Við innleiðingu á IFRS verður hætt að afskrifa viðskiptavild með kerfisbundnum hætti. Í stað þess verður beitt virðisrýmunarprófi og viðskiptavild færð niður ef tilefni er til þess. Í lok árs 2004 nam eignfærð viðskiptavild 7,7 milljónum evra og hækkar hún í 7,9 milljónir í endurmetnum efnahagsreikningi. Tilefni til niðurfærslu viðskiptavildar var hvorki fyrir hendi í ársbyrjun né árslok 2004.

Afskriftir

Aðferðum við afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna er breytt þannig að þeir eru afskrifaðir á áætluðum líftíma/endingartíma niður í áætlað hrakvirði. Afskriftarstofn verður því mismunur á kaupverði og áætluðu hrakvirði í stað kostnaðarverðs áður. Áhrifin af þessu eru að afskriftir, einkum vegna fasteigna lækka í endurmetnum reikningsskilum úr 2,6 milljónum evra í 2,2 milljónir.

Skýringar

Umreikningur vegna dótturfélaga

Gengismunur sem myndast vegna umreiknings á rekstrar- og efnahagsreikningum dótturfélaga sem gerð eru upp í öðrum myntum en evrum og eru með samþætta starfsemi með móðurfélaginu er nú færður yfir eigið fé í endurmetnum reikningskilum í stað þess að færa hann í rekstrarreikning. Áhrif breytinganna eru þau að hagnaður og eigið fé hækkar alls um 154 þúsund evra.

Skýringar

6. Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþættir

Á árinu 2005 er samstæðunni skipt upp í þrjá rekstrarstarfsþætti: (1) Fiskur, (2) Kjúklingur og (3) Kjöt.

Annar rekstur samstæðunnar felur í sér sölu á þjónustu varðandi framleiðslu sem ekki er umtalsverður starfsþáttur og þarf ekki að birta sérstaklega.

Afcoma starfsþátta fyrir árið 2005 var eftirfarandi:

	Fiskur	Kjúklingur	Kjöt	Óskipt	Samtals
Heildarsala	60.637	31.937	51.947	26.097	170.618
Innbyrðis sala	(2.007)	(7.081)	(9.341)	(23.150)	(41.579)
Sala	58.630	24.856	42.606	2.947	129.039
Rekstrarhagnaður					9.721
Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur					(2.639)
Hagnaður fyrir skatta					7.082
Tekjuskattur					(1.367)
Hagnaður ársins					5.715

Afcoma starfsþátta fyrir árið 2004 var eftirfarandi:

	Fiskur	Kjúklingur	Kjöt	Óskipt	Samtals
Heildarsala	48.276	34.199	35.771	29.523	147.769
Innbyrðis sala	(3.494)	(3.694)	(6.687)	(21.593)	(35.468)
Sala	44.782	30.505	29.084	7.930	112.301
Rekstrarhagnaður					12.066
Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur					(1.768)
Hagnaður fyrir skatta					10.298
Tekjuskattur					(2.314)
Hagnaður ársins					7.984

Samstæðan skiptir ekki eignum, skuldum, afskriftum, virðisrýrnun og fjárfestingum milli rekstrarstarfsþátta.

Viðskipti innan samstæðu eru samkvæmt venjulegum viðskiptaskilmálum og -skilyrðum sem einnig væru fyrir hendi fyrir ótengda þriðju aðila.

Starfsþættir eftir landssvæðum

Rekstrarstarfsþættir samstæðunnar þrír eru reknir á tveimur meginlandssvæðum jafnvel þótt þeim sé stjórnað á alþjóðlegum grunni.

Heimaland félagsins þar sem einnig er aðalstarfsstöð samstæðunnar er Ísland.

	2005	2004
Sala		
Ísland	4.950	3.204
Önnur lönd	124.089	109.097
	129.039	112.301

Sölum er skipt eftir því í hvaða landi viðskiptamaðurinn er.

Skýringar

	2005	2004
Eignir samtals		
Ísland	80.991	68.938
Önnur lönd	33.899	26.544
	<u>114.890</u>	<u>95.482</u>

Heildareignum er skipt eftir því hvar eignirnar eru staðsettar.

Fjárfestingar		
Ísland	5.746	3.102
Önnur lönd	2.817	1.658
	<u>8.563</u>	<u>4.760</u>

Fjárfestingum er skipt eftir því hvar eignirnar eru staðsettar.

7. Rekstur eftir ársfjórðungum	4. ársfj. 05	3. ársfj. 05	2. ársfj. 05	1. ársfj. 05	4. ársfj. 04
Sala	34.785	30.416	33.911	29.928	29.121
Kostnaðarverð seldra vara	(23.484)	(20.655)	(22.328)	(19.409)	(18.519)
Framlegð	<u>11.301</u>	<u>9.761</u>	<u>11.583</u>	<u>10.519</u>	<u>10.602</u>
Aðrar rekstrartekjur	349	246	327	130	180
Sölu- og markaðskostnaður	(4.413)	(3.850)	(4.125)	(3.678)	(3.673)
Rannsóknar- og þróunarkostnaður	(3.014)	(1.683)	(1.614)	(1.694)	(2.087)
Stjórnunarkostnaður	(2.948)	(2.338)	(2.915)	(2.221)	(2.174)
Rekstrarhagnaður (EBIT)	<u>1.275</u>	<u>2.136</u>	<u>3.256</u>	<u>3.056</u>	<u>2.848</u>
Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur	(576)	(778)	(415)	(872)	(596)
Hagnaður fyrir skatta	<u>699</u>	<u>1.358</u>	<u>2.841</u>	<u>2.184</u>	<u>2.252</u>
Tekjuskattur	(120)	(127)	(737)	(383)	(332)
Eignarskattur	0	0	0	0	(25)
Hagnaður ársfjórðungs	<u><u>579</u></u>	<u><u>1.231</u></u>	<u><u>2.104</u></u>	<u><u>1.801</u></u>	<u><u>1.895</u></u>
Hagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)	2.764	3.399	4.469	4.180	3.999

8. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur

	2005	2004
Vaxtagjöld:		
- bankalán	(1.932)	(1.368)
- kaupleigusamningar	(50)	(89)
- önnur vaxtagjöld	(62)	(43)
	<u>(2.044)</u>	<u>(1.500)</u>
Vaxtatekjur	149	150
Virðisrýrnun fjárfestinga til sölu	(73)	0
Gengismunur, nettó	(671)	(418)
	<u>(2.639)</u>	<u>(1.768)</u>

9. Laun og launatengd gjöld

Laun	49.469	42.688
Launatengd gjöld	5.385	4.372
	<u>54.854</u>	<u>47.060</u>

Skýringar

	2005	2004
Laun og launatengd gjöld skiptast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi		
Kostnaðarverð seldra vara	33.128	28.637
Sölu- og markaðskostnaður	9.123	8.483
Rannsóknar- og þróunarkostnaður	6.633	4.765
Stjórnunarkostnaður	5.970	5.175
	<u>54.854</u>	<u>47.060</u>

10. Tekjuskattur

Tekjuskattur til greiðslu	837	538
Frestaður tekjuskattur (Skýring 22)	530	1.698
	<u>1.367</u>	<u>2.236</u>

Reiknaður tekjuskattur af hagnaði samstæðunnar er annar en fræðileg fjárhæð sem myndi myndast ef notað væri vegið meðalstekjuskattshlutfall sem á við um hagnað samstæðufélaganna sem hér segir:

Hagnaður fyrir skatta	<u>7.082</u>	<u>10.298</u>
Reiknaður tekjuskattur með tekjuskattshlutfalli viðkomandi lands	1.616	2.125
Varanlegir mismunir	(91)	207
Nýting á yfirfæranlegu tapi sem ekki hefur verið tekið tillit til	(158)	(96)
Tekjuskattur samkvæmt rekstrarreikningi	<u>1.367</u>	<u>2.236</u>

Vegið meðaltalstekjuskattshlutfall samstæðunnar var 19,3% (2004: 21,7%).

11. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er reiknaður með því að deila þeim hagnaði sem skipta má á hluthafa í móðurfélaginu með vegnu meðaltali almennra hluta sem gefnir eru út á árinu, að undanskildum almennum hlutum sem félagið hefur keypt og heldur sem eigin hlutum.

	2005	2004
Hagnaður ársins (þúsundir evra)	5.715	7.984
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta (í þúsundum)	235.851	234.600
Hagnaður á hlut (EUR cent)	<u>2,42</u>	<u>3,40</u>

Þynntur hagnaður á hlut er reiknaður með því að leiðrétta vegið meðaltal virkra almennra hluta í því skyni að gera ráð fyrir umbreytingu allra væntra almennra hluta sem verða fyrir þynningaráhrifum. Félagið er með einn flokk af væntum almennum hlutum sem verða fyrir þynningaráhrifum: hlutavilnanir. Að því er varðar vilnanir í hlutum er gerður útreikningur til að ákvarða fjölda hluta sem gæti hafa verið keyptur á gangvirði (ákvarðaður sem árlegt meðalmarkaðsverð hluta í félaginu) byggt á peningalegu virði áskriftarréttindanna sem fylgja virkum vilnunum. Fjöldi hluta sem er reiknaður eins og sýnt er að framan er borinn saman við fjölda hluta sem hefði verið gefinn út ef gert hefði verið ráð fyrir nýtingu vilnunar hlutanna.

	2005	2004
Hagnaður ársins (þúsundir evra)	<u>5.715</u>	<u>7.984</u>
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta (í þúsundum)	235.851	234.600
Áhrif hlutavilnana	4.561	5.322
Veginn meðalfjöldi útistandandi hluta (í þúsundum) til útreiknings á þynntum hagnaði á hlut	<u>240.412</u>	<u>239.922</u>
Þynntur hagnaður á hlut (EUR cent)	<u>2,38</u>	<u>3,33</u>

Skýringar

12. Arður á hlut

Greiddur arður í mars 2005 og mars 2004 nam EUR 590 (EUR 0.25 cents á hlut) og EUR 407 (EUR 0.17 cents á hlut).

13. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Fasteignir vélar og tæki	Verksmiðju-	Bifreiðar og annar bún.	Samtals	
Þann 1. janúar 2004					
Kostnaðarverð	27.104	10.369	4.898	42.371	
Samansafnaðar afskriftir	(1.633)	(5.679)	(2.545)	(9.857)	
Bókfært verð	<u>25.471</u>	<u>4.690</u>	<u>2.353</u>	<u>32.514</u>	
Árslok 2004					
Bókfært verð í ársbyrjun	25.471	4.690	2.353	32.514	
Kaup á dótturfélögum og sameiningar	0	43	34	77	
Gengismunur	5	(3)	(27)	(25)	
Viðbætur	44	452	1.146	1.642	
Selt	0	(2)	(123)	(125)	
Afskriftir	<u>(410)</u>	<u>(976)</u>	<u>(850)</u>	<u>(2.236)</u>	
Bókfært verð	<u>25.110</u>	<u>4.204</u>	<u>2.533</u>	<u>31.847</u>	
Árslok 2004					
Kostnaðarverð	27.153	10.963	5.518	43.634	
Samansafnaðar afskriftir	(2.043)	(6.759)	(2.985)	(11.787)	
Bókfært verð	<u>25.110</u>	<u>4.204</u>	<u>2.533</u>	<u>31.847</u>	
Árslok 2005					
Bókfært verð í ársbyrjun	25.110	4.204	2.533	31.847	
Gengismunur	(21)	156	251	386	
Kaup á dótturfélögum og sameiningar	0	0	0	0	
Viðbætur	743	1.137	1.872	3.752	
Selt	0	(65)	(234)	(299)	
Afskriftir	<u>(423)</u>	<u>(1.023)</u>	<u>(998)</u>	<u>(2.444)</u>	
Bókfært verð	<u>25.409</u>	<u>4.409</u>	<u>3.424</u>	<u>33.242</u>	
Þann 31. desember 2005					
Kostnaðarverð	27.872	12.002	7.100	46.974	
Samansafnaðar afskriftir	(2.463)	(7.593)	(3.676)	(13.732)	
Bókfært verð	<u>25.409</u>	<u>4.409</u>	<u>3.424</u>	<u>33.242</u>	
			2005	2004	
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:					
Kostnaðarverð seldra vara				1.742	1.641
Sölu- og markaðskostnaður				355	284
Rannsóknar- og þróunarkostnaður				147	134
Stjórnunarkostnaður				200	177
			<u>2.444</u>	<u>2.236</u>	

Skýringar

14. Óefnislegar eignir

	Viðskiptavild	Vöruþróunar- kostnaður	Einkaleyfi	Hugbúnaður	Samtals
Árslok 2004					
Bókfært verð í ársbyrjun	3.408	5.126	368	49	8.951
Kaup á dótturfélögum og sameiningar				3	3
Gengismunur	2	0	0	1	3
Viðbætur	4.451	2.789	210	38	7.488
Afskriftir		(1.956)	(224)	(44)	(2.224)
	<u>7.861</u>	<u>5.959</u>	<u>354</u>	<u>47</u>	<u>14.221</u>
Árslok 2005					
Bókfært verð í ársbyrjun	7.861	5.959	354	47	14.221
Gengismunur	(21)	(4)	0	0	(25)
Kaup á dótturfélögum og sameiningar	1.740				1.740
Viðbætur	0	4.538	199	74	4.811
Afskriftir	0	(2.401)	(224)	(24)	(2.649)
	<u>9.580</u>	<u>8.092</u>	<u>329</u>	<u>97</u>	<u>18.098</u>
				2005	2004
Afskriftir óefnislegra eigna greinast á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi:					
Kostnaðarverð seldra vara				7	14
Sölu- og markaðskostnaður				6	46
Rannsóknar- og þróunarkostnaður				2.631	2.155
Stjórnunarkostnaður				5	9
				<u>2.649</u>	<u>2.224</u>

Virðisrýmunarpróf vegna viðskiptavildar

Viðskiptavild er skipt á fjárskapandi einingar samstæðunnar (CGU) og er skilgreind eftir því í hvaða landi (félagi) reksturinn er.

Endurheimtanleg fjárhæð fjárskapandi rekstrareininga er ákvörðuð miðað við útreikning á notkunarvirði. Í þessum útreikningum eru notaðar sjóðstreymisspár sem eru byggðar á fjárhagsáætlunum stjórnenda og ná yfir fimm ára tímabil. Sjóðstreymi sem nær til lengri tíma en fimm ára er framreiknað með áætluðum vaxtarhraða (3-5%), framlegð (33-44%) og ávöxtunarkröfu (5-10%).

Áætluð framlegð er eins og stjórnendur hafa ákvarðað hana miðað við fyrri árangur og væntingar þeirra um markaðsþróun. Veginn meðalvaxtarhraði sem notaður er miðast við spár sem fram koma í atvinnugreinaskýrslum. Afvöxtunaruðlarnir eru fyrir tekjuskatt og endurspegla sérstaka áhættu sem tengist tengdum starfspáttum.

Útreikningar á endurheimtanlegri fjárhæð leiddi ekki til virðisrýmunartaps á árunum 2004 og 2005.

15. Birgðir

	2005	2004
Hráefni og varahlutir	12.712	10.602
Vörur í vinnslu	4.239	3.980
Fullunnar vörur	8.323	6.584
	<u>25.274</u>	<u>21.166</u>

Kostnaðarverð birgða sem er gjaldfært og innfalið í "kostnaðarverð seldra vara" nam EUR 43.096 (2004: EUR 35.235).

Skýringar

Birgðir að fjárhæð EUR 6.461 (2004 : EUR 5.735) eru veðsettar til tryggingar á lántökum.

16. Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun	2005	2004
Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun	14.879	12.475
Innborganir á vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun	(5.958)	(6.616)
	<u>8.921</u>	<u>5.859</u>

17. Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur

Skammtímakröfur og fyrirframgreiðslur:

Viðskiptakröfur	21.233	13.884
Niðurfærsla viðskiptakrafna	(748)	(619)
Viðskiptakröfur, nettó	<u>20.485</u>	<u>13.265</u>
Framvirkir samningar	0	190
Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiðslur	<u>3.032</u>	<u>2.389</u>
	<u>23.517</u>	<u>15.844</u>

Samstæðan hefur gjaldfært virðisrýrnunartap að fjárhæð EUR 458 á árinu 2005 (2004: EUR 70) og er það innifalið í sölu í rekstrarreikningi.

18. Handbært fé og ígildi þess

Handbært reiðufé í banka	<u>3.880</u>	<u>4.366</u>
--------------------------------	--------------	--------------

Handbært fé og yfirdráttur í banka innifelur eftirfarandi að því er varðar sjóðstreymisfirlit:

Handbært reiðufé í banka	3.880	4.366
Yfirdráttur í banka	0	0
	<u>3.880</u>	<u>4.366</u>

Yfirdráttur í bönkum er skilgreindur sem fjármögnunarhreyfing í sjóðstreymi.

19. Afleiðusamningar

	31. desember 2005		31. desember 2004	
	Eignir	Skuldir	Eignir	Skuldir
Vaxtaskiptasamningar – sjóðstreymivarnir	0	404		
Framvirkir gengisskiptasamningar – sjóðstreymisvarnir	18			
Samtals	<u>18</u>	<u>404</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Að frádregnum langtímahluta:				
Vaxtaskiptasamningar – sjóðstreymisvarnir	0	404		
Framvirkir gengisskiptasamningar – sjóðstreymisvarnir	0	0		
	<u>0</u>	<u>404</u>	<u>0</u>	<u>0</u>
Skammtímahluti	<u>18</u>	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

Óinnleystur hagnaður/tap í eigin fé vegna framvirkra gjaldmiðlasamninga miðað við 31. desember 2005 munu verða innleystir í rekstrarreikningi á mismunandi dagsetningum á tveggja mánaða tímabili frá dagsetningu efnahagsreiknings.

Vaxtaskiptasamningar:

Grundvallarfjárhæðir útstandandi vaxtaskiptasamninga miðað við árslok 2005 voru EUR 4.146.

Skýringar

20. Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir	2005	2004
Viðskiptaskuldir	10.916	6.523
Vaxtaskiptasamningar	0	252
Áfallinn kostnaður	2.583	1.541
Fyrirframinnheimtar tekjur	2.059	4.233
Aðrar skammtímaskuldir	9.161	8.569
	<u>24.719</u>	<u>21.118</u>

21. Lántökur

Langtíma:		
Bankalán	19.871	21.529
Skuldabréf	4.284	8.776
Kaupleigusamningar	726	1.137
	<u>24.881</u>	<u>31.442</u>
Skammtíma:		
Yfirdráttur á bankareikningum	8.739	3.117
Bankalán	4.890	3.427
Skuldabréf	5.174	0
Kaupleigusamningar	459	480
	<u>19.262</u>	<u>7.024</u>
Lántökur samtals	<u>44.143</u>	<u>38.466</u>

Heildarlántökur innifela tryggðar skuldir (kaupleiga og bankalán) sem nema EUR 39.105 (2004: EUR 31.788). Lántökur í banka eru tryggðar með lóðum, fasteignum og birgðum í eigu samstæðunnar. Eignir sem keyptar hafa verið með kaupleigu eru veðsettar með viðkomandi eignum til tryggingar effirstöðvum skulda.

Skuldir eftir myntum:	Kaupleigu- samningar	Aðrar lántökur	Samtals 2005	Samtals 2004
Skuldir í CAD	0	608	608	546
Skuldir í CHF	0	0	0	2.486
Skuldir í DKK	76	12.129	12.205	8.023
Skuldir í EUR	967	21.713	22.680	23.166
Skuldir í ISK, verðtryggðar	0	4.854	4.854	0
Skuldir í JPY	0	109	109	618
Skuldir í NOK	0	693	693	568
Skuldir í USD	0	2.582	2.582	2.809
Skuldir í öðrum gjaldmiðlum	143	269	412	250
	<u>1.186</u>	<u>42.957</u>	<u>44.143</u>	<u>38.466</u>
Næsta árs afborganir	<u>(459)</u>	<u>(18.803)</u>	<u>(19.262)</u>	<u>(7.024)</u>
	<u>727</u>	<u>24.154</u>	<u>24.881</u>	<u>31.442</u>
Afborganir næstu ára af langtímaskuldum:				
Árið 2007 / 2006	440	2.249	2.689	7.066
Árið 2008 / 2007	248	2.253	2.501	2.777
Árið 2009 / 2008	39	2.126	2.165	2.393
Árið 2010 / 2009	0	2.131	2.131	2.051
Síðar	0	15.395	15.395	17.155
	<u>727</u>	<u>24.154</u>	<u>24.881</u>	<u>31.442</u>

Skýringar

22. Frestaður tekjuskattur

Frestaðir tekjuskattar eru reiknaðir á tímabundna mismuni samkvæmt skuldaaðferð.

Breyting á frestuðum tekjuskatti greinist á eftirfarandi hátt:

1. janúar 2004	173	
Gengismunur og aðrar breytingar	184	
Tekjuskattur (skýring 10)	2.236	
Þar af tekjuskattur til greiðslu	(537)	
Tekjuskattur færður yfir eigið fé	(41)	
Árslok 2004	<u>2.015</u>	
1. janúar 2005	2.015	
Gengismunur og aðrar breytingar	(251)	
Tekjuskattur (skýring 10)	1.367	
Þar af tekjuskattur til greiðslu	(773)	
Tekjuskattur færður yfir eigið fé	(69)	
Árslok 2005	<u>2.289</u>	
	2005	2004
Tekjuskattur færður yfir eigið fé greinist á eftirfarandi hátt:		
Gangvirðissjóður meðal eigin fjár		
– áhættuvarnir	<u>(69)</u>	<u>(18)</u>

Frestaðar tekjuskattsinnæignir og -skuldbindingar eru felldar saman ef lagalegur réttur er á að skuldajafna skattalegum eignum og skuldum og frestuðu skattarnir varða tekjuskatt sem lagður er á af sama álagningaraðila. Eftirfarandi fjárhæðir koma fram í efnahagsreikningi þegar eignir og skuldir hafa verið felldar saman:

	2005	2004
Frestaðar tekjuskattsinnæignir	(1.231)	(1.334)
Frestaðar tekjuskattsskuldbindingar	<u>3.520</u>	<u>3.349</u>
	<u>2.289</u>	<u>2.015</u>
Frestaðar tekjuskattsskuldbindingar (-inneignir) greinast á eftirfarandi liði:		
Fastafjármunir	3.235	3.042
Áhættuvarnir meðal eigin fjár	(110)	(41)
Yfirfæranlegt tap	(1.419)	(1.392)
Aðrir liðir	<u>583</u>	<u>406</u>
	<u>2.289</u>	<u>2.015</u>

Frestaðar tekjuskattinnæignir eru færðar fyrir yfirfært skattalegt tap að því marki sem líklegt er að tengdur skattalegur ávinningur verði innleystur í gegnum skattskyldan framtíðarhagnað. Skattaleg áhrif inneignar að fjárhæð EUR 891 renna út á árunum 2009-2015.

23. Aðrar skuldbindingar

Ábyrgðarskuldbinding:

1. janúar 2004	491
Breytingar færðar í rekstrarreikning	<u>135</u>
31. desember 2004	<u>626</u>

Skýringar

1. janúar 2005	626	
Breytingar færðar í rekstrarreikning	168	
31. desember 2005	794	
	2005	2004
Skammtímaskuldbindingar	794	626

24. Skuldbindingar

Skuldbindingar:

Í árslok hefur samstæðan tekið á sig skuldbindingar vegna bankalána og annarra lána í tengslum við hefðbundna starfsemi samstæðunnar. Einnig er samstæðan í ábyrgðum vegna viðskipta gagnvart þriðja aðila að fjárhæð EUR 277 (2004 : EUR 1.688).

25. Samningar og vátryggingar

Rekstarleigusamningar þar sem samstæðan er leigutaki

Samstæðan hefur gert nokkra rekstarleigusamninga vegna varanlegra rekstrarfjármuna með eftirstöðvum að fjárhæð EUR 2.991. Fjárhæðin verður gjaldfærð á leigutíma hvers samnings sem renna út á árunum 2006 - 2010.

Vátryggingar

Samstæðan hefur keypt rekstrarstöðvunartyggingar sem ætlað er að bæta tjón vegna rekstrarstöðvunar í allt að 12 mánuði á grundvelli skilmála um eignatryggingar. Tryggingarfjárhæðin nemur allt að 47,5 milljónum evra. Vátryggingarverðmæti fasteigna samstæðunnar nemur 29,7 milljónum evra, framleiðsluvéla og -tækja ásamt hug- og skrifstofubúnaði 23,2 milljónum evra og vörubirgða 26,5 milljónum evra.

26. Hlutfé

	Fjöldi hluta (þúsundir)	Heildar- fjöldi hluta	Eigin hlutir	Samtals
1. janúar 2004	235.769	240.064	(4.295)	235.769
Keyptir eigin hlutir	(13.457)		(13.457)	(13.457)
Seldir eigin hlutir - kaup á dótturfélagi (Skýring 31)	3.131		3.131	3.131
Seldir eigin hlutir	7.988		7.988	7.988
31. desember 2004	233.431	240.064	(6.633)	233.431
Keyptir eigin hlutir	(6.127)		(6.127)	(6.127)
Seldir eigin hlutir	10.967		10.967	10.967
31. desember 2005	238.271	240.064	(1.793)	238.271

Heildarfjöldi hluta nemur 240 milljónum (2004 : 240 milljónir hluta), hver að nafnverði 1 ISK (2004 : 1 ISK). Allir útgefnir hlutir eru greiddir að fullu.

Skýringar

27. Varasjóðir

	Áhættu- varnir	Þýðingar- munur	Samtals
Staða 1. janúar 2004	0	0	0
Sjóðstreymisvarnir:			
– Gangvirðishagnaður (-tap)	(61)		(61)
– Tekjuskattsáhrif	41		41
Þýðingarmunur vegna dótturfélaga		(388)	(388)
Staða 31. desember 2004	(20)	(388)	(408)
Sjóðstreymisvarnir:			
– Gangvirðishagnaður (-tap)	(367)		(367)
– Tekjuskattsáhrif	110		110
Þýðingarmunur vegna dótturfélaga		890	890
Staða 31. desember 2005	(277)	502	225

28. Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta

	2005	2004
Hagnaður	5.715	7.984
Leiðrétt fyrir:		
Skattar	1.367	2.314
Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna	2.444	2.630
Afskriftir óefnislegra eigna	2.649	1.831
Virðisrýrnunartap	73	0
Tap/(hagnaður) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna	(24)	8
Vaxtagjöld og gengismunur	3.076	1.339
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum (áhrif kaupa á dótturfélögum og gengismunur fyrir utan)		
Birgðir og vörur í framleiðslu samkvæmt pöntunum	(4.647)	(4.372)
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur	(6.234)	(693)
Viðskiptaskuldir	1.217	4.742
Aðrar skuldbindingar	126	18
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	5.762	15.801
Í sjóðstreymi kemur sala varanlegra rekstrarfjármuna fram á eftirfarandi hátt:		
Bókfært verð	298	125
Hagnaður/(tap) af sölu varanlegra rekstrarfjármuna	24	(8)
	322	117

29. Eignarhlutir í öðrum félögum

1. janúar 2004	753
Kaup á dótturfélagi	12
Sala	(12)
31. desember 2004	753
Áhrif IAS 32/39 - endurflokkað sem fjárfesting til sölu þann 1. janúar 2005 (skýring 5)	(753)
Staða 1. janúar 2005	0

Skýringar

30. Fjárfestingar sem er haldið til sölu

31. desember 2004	0
Áhrif af upptöku IAS 32/39 (skýring 5)	753
Virðisrýrnun	(73)
1. janúar 2005 / 31. desember 2005	<u>680</u>

Fjárfestingar sem haldið er til sölu eru flokkaðar sem fastafjármunir.

Fjárfestingar sem haldið er til sölu eru óskráð verðbréf sem er verslað með á óvirkum mörkuðum.

31. Sameiningar - kaup á dótturfélögum

Þann 1. apríl 2004 keypti samstæðan allt hlutfé í Póls hf á Ísafirði. Áhrif Póls á tekjur tímabilsins apríl til desember 2004 voru EUR 1.795 og EUR 239 á hagnað sama tímabils. Í árslok keypti samstæðan rekstur GEBA í Þýskalandi. Kaupin á GEBA höfðu ekki áhrif á afkomu ársins 2004.

Hrein eign og viðskiptavild greinist á eftirfarandi hátt:

Kaupverð	
– Greitt með handbæru fé.....	3.863
– Beinn kostnaður í tengslum við kaupin.....	60
– Gangvirði útgefinna hlutabréfa.....	<u>1.267</u>
	5.190
Gangvirði keyptrar hreinnar eignar.....	<u>(739)</u>
	4.451
Viðskiptavild (skýring 14).....	<u>4.451</u>

Viðskiptavild má rekja til mikillar arðsemi yfirtekna fyrirtækisins og umtalsverðra samlegðaráhrifa sem vænst er að myndist eftir að samstæðan yfirtók Póls og Geba.

Undir vissum kringumstæðum, ef ákveðin rekstrarleg markmið nást innan þriggja ára hjá Póls hf, getur viðbótarkaupverð numið allt að EUR 285. Vegna óvissu er ekki færð skuldbinding vegna þessa.

Gangvirði útgefinna hlutabréfa er byggt á markaðsverði á yfirtökudegi.

Eignir og skuldir sem komu inn í samstæðuna við ofangreind kaup eru eftirfarandi:

Handbært fé.....	83
Varanlegir rekstrarfjármunir (Skýring 13).....	79
Fjárfestingaeignir (Skýring 29).....	12
Birgðir.....	1.213
Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun.....	50
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur.....	227
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.....	(415)
Ógreiddir skattar.....	(3)
Lántökur.....	<u>(507)</u>
Gangvirði keyptrar hreinnar eignar.....	739
Viðskiptavild (Skýring 14).....	<u>4.451</u>
	5.190
Að frádrægnu:.....	
Útgefnu hlutfé.....	(1.267)
Yfirteknu handbæru fé.....	(83)
Nýrri lántöku.....	<u>(1.999)</u>
Útstreymi handbærs fjár við kaup.....	<u>1.841</u>

Skýringar

Gangvirði eigna og skulda við framangreind kaup samsvaraði bókfærðu verði yfirtekinna eigna og skulda til samræmis við IFRS.

Þann 1. október 2005 keypti samstæðan allt hlutfé í Dantech Food Systems PTE Ltd., framleiðanda frystibúnaðar í matvælaframleiðslu. Áhrif Dantech á tekjur tímabilsins 1. október til 31. desember 2005 voru EUR 3.284 og EUR 133 á hagnað sama tímabils.

Hrein eign og viðskiptavild greinist á eftirfarandi hátt:

Kaupverð	
– Greitt með handbæru fé.....	1.931
– Beinn kostnaður í tengslum við kaupin.....	54
	<u>1.985</u>
Gangvirði keyptrar hreinnar eignar.....	<u>(401)</u>
Viðskiptavild (skýring 14).....	<u>1.584</u>

Viðskiptavild má rekja til mikillar arðsemi yfirtekna fyrirtækisins og umtalsverðra samlegðaráhrifa sem vænst er að myndist eftir að samstæðan yfirtók Dantech.

Undir vissum kringumstæðum, ef ákveðin rekstrarleg markmið nást innan fimm ára (2006-2010) getur komið til viðbótarkaupverðs. Vegna óvissu er ekki færð skuldbinding vegna þessa.

Eignir og skuldir sem komu inn í samstæðuna við ofangreind kaup eru eftirfarandi:

Handbært fé.....	205
Varanlegir rekstrarfjármunir (Skýring 13).....	319
Frestaðar tekjuskattsinneignir.....	167
Birgðir.....	283
Vörur í framleiðslu samkvæmt pöntun.....	1.272
Viðskiptakröfur og fyrirframgreiðslur.....	393
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir.....	(1.785)
Lántökur.....	<u>(453)</u>
Gangvirði keyptrar hreinnar eignar.....	401
Viðskiptavild (Skýring 14).....	<u>1.584</u>
	<u>1.985</u>

Að frádregnu:

Yfirteknu handbæru fé.....	(205)
Nýrri lántöku.....	<u>(1.780)</u>
Útstreymi handbærs fjár við kaup.....	<u>0</u>

Gangvirði eigna og skulda við framangreind kaup samsvaraði bókfærðu verði yfirtekinna eigna og skulda til samræmis við IFRS. Viðbótargreiðsla að fjárhæð EUR 156 var innt af hendi á árinu 2005 vegna kaupa á GEBA.

32. Viðskipti við tengda aðila

Stjórnendur skulduðu samstæðunni enga fjármuni í árslok áranna 2005 og 2004. Engin viðskipti áttu sér stað á milli stjórnenda og samstæðunnar á árunum 2005 og 2004 (kaup á vöru eða þjónustu).

Skýringar

Starfskjör stjórnenda

	Laun og hlunnindi	Kaupréttir*	Keyptir hlutir skv. kaupréttar áætlun**	Sölu réttir*	Fjöldi hluta í árslok*
Hörður Arnarson, forstjóri.....	426	971	14	0	1.460
Árni Oddur Þórðarson, Stjórnarformaður***.....	0	0	0	0	70.408
Arnar Þór Mátsson.....	10	0	0	0	12
Friðrik Jóhannsson.....	10	0	0	0	0
Helgi Magnússon.....	0	0	0	0	3.326
Þórólfur Árnason.....	10	0	0	0	520
Þorkell Sigurlaugsson fyrrverandi stjórnarformaður.....	19	0	0	0	113
Bjarni Benediktsson, fyrrv. stjórnarmaður.....	10	0	0	0	171
Tveir varamenn stjórnar.....	3	0	0	0	20
Sjö framkvæmdastjórnar í móðurfélagi.....	1.446	1.740	424		4.117
Thorkild Christiansen, framkvstj. Carnitech.....	171	0	0	0	267
	<u>2.105</u>	<u>2.711</u>	<u>438</u>	<u>0</u>	<u>80.414</u>

*Hlutir eru að nafnverði í þúsundum.

**Allir hlutir keyptir á genginu 42 samkvæmt kaupréttaráætlun. Engir kaupréttir voru veittir á árinu 2005.

***Hlutir í eigu Eyfir Invest, þar sem Árni Oddur Þórðarson er framkvæmdastjóri.

Ofangreindir söluaréttir eru hluti af kaupum nokkurra starfsmanna félagsins á hlutabréfum samtals að nafnverði ISK 5,2 milljónir á genginu 20 frá árinu 2003. Samhliða viðskiptunum veitti Marel hf kaupendur söluarétt að keyptum bréfum sem átti að verja þá fyrir mögulegu tapi af viðskiptunum. Söluaréttirnir runnu út á árinu 2005.

33. Kaupréttarsamningar

Í ársbyrjun 2001 gekk móðurfélagið frá kaupréttarsamningum við starfsmenn sína. Kaupverðið samkvæmt samningunum var ISK 42 pr. hlut sem samsvaraði markaðsverði á þeim tíma. Kaupréttir eru valkvæðir en ávinnast eftir ákveðinn starfstíma, fyrst einu ári og þremur mánuðum eftir að kaupréttur er veittur. Kaupréttir eru nýtanlegir á árunum 2002-2007. Samstæðan hefur engar skuldbindingar um að gera kaupréttina upp með peningagreiðslu.

Hreyfingar á fjölda útistandandi hluta og vegins meðalverðs vegna kaupréttarsamninga greinist á eftirfarandi hátt:

	Meðalverð í ISK á hlut	Kaupréttir (þúsundir)
1. janúar 2004	42	7.990
Veittir kaupréttir		0
Fyrirgerðir kaupréttir	42	(260)
Nýttir kaupréttir	42	(634)
31. desember 2004 / 1. janúar 2005		<u>7.096</u>
Veittir kaupréttir		0
Fyrirgerðir kaupréttir	42	(53)
Nýttir kaupréttir	42	(2.482)
31. desember 2005	42	<u>4.561</u>

Af þeim 4.561 þúsund hlutum sem voru útistandandi samkvæmt kaupréttaráætlun, voru þeir allir innleysanlegir í árslok 2005. Útistandandi kauprétti er hægt að flytja milli ára en þeir renna út í árslok 2007.

Skýringar


34. Þóknun til endurskoðenda	2005	2004
Endurskoðun ársreikninga	196	204
Könnun árshlutareikninga	43	52
Önnur þjónusta	90	67
	<u>329</u>	<u>323</u>

Fjárhæðirnar innifela greiðslur til ytri endurskoðenda allra félaga í samstæðunni.

35. Dótturfélög

Marel Australia Pty Ltd	Ástralía
Marel Carnitech (Thailand)	Tæland
Marel Chile	Chile
Marel Deutschland GmbH & Co KG	Þýskaland
Marel Equipment Inc	Kanada
Marel Management GmbH	Þýskaland
Marel Russland	Rússland
Marel Scandinavia A/S	Danmörk
Marel Spain	Spánn
Marel UK Ltd	Bretland
Marel USA Inc	Bandaríkin
Carnitech A/S	Danmörk

Öll dótturfélögin eru að fullu í eigu móðurfélagsins. Allt eignarhald er bundið í hlutafé viðkomandi félags.





Þróun, þekking og kunnátt

